



ÁRSSKÝRSLA KSI 2014 SKÝRSLA STJÓRNAR



BORGUN



Efnisyfirlit

Pistill formanns	3
A-landslíð karla	4
A-landslíð kvenna	8
Yngri landslið	12
Mótin innanlands	16
Evrópukeppnir	20
Dómaramál	22
Árið sem leið	24
Leyfiskerfi	32
Fjármál	34
Ársreikningur	38

*Stöðutöflur og nánari upplýsingar
má finna á www.ksi.is*

Knattspyrna í sviðsljósinu...

Íslensk knattspyrna var í sviðsljósinu árið 2014, frábær frammiastaða A landsliðs karla vakti athygli í heimi knattspyrnunnar. Sigur á HM bronsliði Hollands á Laugardalsvelli í október var tvímælaust hápunktur ársins. Aldrei fyrr hefur sigurleikur í keppni skapað jafnmikla umfjöllun um íslenska knattspyrnu á erlendum vettvangi. Árangur Stjórnunnar í undankeppni Evrópudeildarinnar vakti einnig athygli og aðdáun. Félagið tók í fyrsta sinn þátt og lagði þrjá mótherja að velli, sem er íslenskt met, en beið ósigur fyrir stórlíði Inter Milan í umspili.

A landslið karla hóf leik í undankeppni EM 2016. Eftir 3 sigurleiki í röð beið liðið ósigur gegn Tékkum í Plzen og situr nú í öðru sæti í sínum riðli þegar fjórum umferðum af tíu er lokið. Þessi góða byrjun gefur fyrirheit um gott gengi í undankeppninni og stefnan er sett á úrslitakeppnina í Frakklandi 2016, en í fyrsta sinn munu 24 landslið leika til úrslita. Liðin í tveimur efstu sætunum í hverjum riðli undankeppninnar, en riðlarnir eru 9, komast í úrslitakeppnina auk þess liðs sem bestum árangri nær í 3. sæti. Hin átta liðin í 3. sæti riðlakeppninnar leika í umspili um fjögur sæti í úrslitakeppninni. Landslið Frakklands tekur svo vitanlega þátt sem gestgjafar. Í sumar byrjar undirbúningur fyrir HM 2018 í Rússlandi þegar dregið verður í riðla í St. Pétursborg 25. júlí en undankeppnin í Evrópu hefst haustið 2016.



Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

A landslið kvenna átti gott ár en tókst ekki að komast í úrslitakeppni HM 2015 sem fram fer í Kanada, en þar leika í fyrsta sinn 24 þjóðir til úrslita í HM A landsliða kvenna. Tveir ósigrar gegn öflugum landsliði Sviss og einn gegn Danmörku urðu til þess að Ísland sat eftir. Sviss sigraði af öryggi í riðlinum og komst á HM en Ísland hafnaði í öðru sæti, stigi á undan Danmörku. Kynslóðaskipti halda áfram hjá liðinu sem undirbýr sig nú fyrir undankeppni EM 2017, en úrslitakeppnin fer fram í Hollandi. Í fyrsta sinn leika þar 16 þjóðir til úrslita. Dregið verður í riðla í undankeppninni 13. apríl nk. og er landslið Íslands í efsta styrkleikaflokki.

U21 landslið karla náði góðum árangri í undankeppni EM 2015, hafnaði í 2. sæti í sínum riðli á eftir Frakklandi. Liðið vann sér rétt til að leika í umspili gegn landsliði Danmerkur um laust sæti í úrslitakeppninni, sem fram fer í Tékklandi. Eftir markalaust jafntefli í Álaborg og jafntefli, 1-1, í síðari leiknum á Laugardalsvelli kom það í hlut Dana að fara áfram. Dregið hefur verið í riðla í undankeppni EM 2017 og leikur Ísland í riðli með Frakklandi, Úkraínu, Skotlandi, Makedóníu og N-Írlandi. Úrslitakeppnin fer fram í Póllandi og munu 12 þjóðir leika til úrslita í stað 8 eins og verið hefur. Pólland og 9 sigurvegarar riðlanna í undankeppninni leika til úrslita auk þess sem þau fjögur landslið sem bestum árangri ná í öðru sæti í sínum riðlum leika í umspili um tvö laus sæti.

U19 landslið kvenna og U17 landslið karla komust á árinu áfram úr undankeppni EM 2014/15 og leika í milliriðlum í vor. U17 landslið kvenna tók ekki þátt í undankeppni EM þar sem úrslitakeppnin fer fram á Íslandi næsta sumar og liðið tekur sjálfkrafa þátt sem gestgjafar. Þetta verður í þriðja sinn sem úrslitakeppni yngri landsliða fer fram á Íslandi. Þetta er stórt verkefni sem kallar á mikinn undirbúning og samstarf við aðildarfélögin við framkvæmd leikja. Til úrslita leika átta landslið í tveimur fjögurra liða riðlum í Reykjavík og nágrenni. Ísland (dregjalandslíð) tók þátt í Ólympíuleikum ungmenna í Nanjing í Kína í ágúst og var fulltrúi Evrópu, en alls tók 6 lið þátt - eitt frá hverri heimsálfu. Ísland hlaut mikinn sóma af þátttöku sinni og vann liðið bronsverðlaun.

Slæmt ástand grasvallar á höfuðborgarsvæðinu setti mikinn svip á mótahald KSÍ í byrjun sumars svo grípa varð til þess úrræðis að leika á varavöllum í meistaraflokki upp í efstu deild, auk þess sem það var mikil áskorun að koma mörgum leikvöllum í stand fyrir sumarið. Það tókst og í byrjun júní var mótahaldið að mestu komið í fastar skorður. Árið 2014 var ár Stjórnunnar úr Garðabæ, félagið varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í fyrsta sinn auk þess að vinna tvöfalt (deild og bikar) í meistaraflokki kvenna. Frumraun Stjórnunnar í undankeppni Evrópudeildarinnar var glæsilegur vitnisburður fyrir íslenska knattspyrnu. Liðið lagði 3 mótherja af velli áður en það mætti stórlíði Inter Milan í umspili um sæti í Evrópudeildinni 2014/15. Stjarnan mætti Inter á Laugardalsvelli í fyrri leiknum og var uppselt á leikinn og viku síðar mættust liðin á San Siro leikvanginum í Mílanó. Inter var mun sterkari aðillinn og komst áfram. FH átti gott ár í undankeppni Evrópudeildarinnar en féll úr leik í þriðju umferð. KR varð bikarmeistari í 14. sinn í meistaraflokki karla. Leiknir R. komst í fyrsta sinn í sögunni í efstu deild karla eftir sigur í 1. deild.

Fræðslustarf KSÍ skipaði sem fyrr veigamikinn sess í starfsemi sambandsins, sérstaklega fyrir þjálfara og dómara, og voru fjölmörg námskeið haldin auk þátttöku í námskeiðum erlendis. Síaukin fræðsla hefur tvímælaust gert knattspyrnustarfið faglegra. Íslenskir þjálfarar fá nú tækifæri erlendis sem er góð viðurkenning fyrir okkar knattspyrnustarf. Starfsemi í hæfileikamótun KSÍ var eflað á árinu og fóru fulltrúar KSÍ í á þriðja tug heimsókna vítt og breitt um landið, héldu fyrirlestra fyrir iðkendur og stjórnunðu æfingum. En starfsemi KSÍ er mikil á öllum sviðum og það endurspeglar ársreikningur KSÍ. Rekstrarhagnaður var af hefðbundinni starfsemi upp á tæplega 157 m.kr. Með framlögum og styrkjum til aðildarfélaganna (um 29 m.kr. í mannvirki og um 150 m.kr. í aðra styrki) og fjármagnsliðum varð niðurstaðan hagnaður upp á 10,8 m.kr. Fjárhagsstaða KSÍ er traust við þessi tímamót.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélagunum fyrir afar gott knattspyrnustarf á liðnu starfsári. Samstarf við forystumenn félaganna var mikið og gott og ber að þakka þeim þeirra mikilvægu störf. Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim sem lagt hafa knattspyrnunni lið á árinu, s.s. dómurum, eftirlitsmönnum, nefndarmönnum, sjálfbóðaliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, og að síðustu en ekki síst öllum þeim fjölda iðkenda sem leika knattspyrnu sér til skemmtunar.

A-LANDSLIÐ KARLA



Frábært ár að baki...

Gengi íslensku landsliðanna var afar gott á árinu 2014. Þar ber auðvitað hæst frábær byrjun A-landsliðs karla sem gerði sér lítið fyrir og vann sigur í fyrstu þremur leikjum liðsins í undankeppni EM 2016. Þar fylgdi liðið eftir þeim einstaka árangri að komast alla leið í umspil um sæti á HM.

Ísland hóf leik gegn Tyrkjum á heimavelli og voru flestir sæmillega bjartsýnir á að ná einhverju úr leiknum. Íslenska liðið sýndi það frá fyrstu mínútu að það ætlaði sér ekkert annað en sigur í leiknum og svo fór að það fagnaði öruggum 3-0 sigri. Leikurinn hafði upp á allt að bjóða og mörkin voru glæsileg. Tyrkir misstu mann af velli með rautt spjald og stuðningur áhorfenda var ekkert minna en stórkostlegur. Leikur sem verður lengi í minnum hafður enda var hann aðeins sýnishorn af því sem á eftir kom.

Íslenska liðið var fljótt að koma sér niður á jörðina en næsti leikur var erfiður leikur við Lettland á útivelli. Það tók dágóðan tíma að brjóta niður öflugna vörn Letta, en eftir að heimamenn misstu mann af velli þá gengu íslensku strákarnir á lagið og skorðu þrívégis. Frábær byrjun í riðlinum og Ísland var komið með 6 stig eftir tvo leiki, næst skyldi reyna að leggja Hollendinga að velli. UEFA tók upp fyrirkomulagið "Week of football" fyrir undankeppni EM sem þýðir að lið þurfa að leika með stuttri hvíld á milli leikja. Það liðu því aðeins 3 dagar frá því að leikurinn var blásinn af í Lettlandi þangað til dómariinn flautaði til leiks á Laugardalsvelli.

Sumir leikmanna Íslands voru bólgnir og bláir eftir kraftmikla leikmenn Lettlands og fengu þeir strax meðferð hjá starfsfólki landsliðsins. Til þess að ná árangri þurfa landsliðin vandaða umgjörð og ekki síst frá



sjúkrateymi, liðsstjórn og öðru starfsfólki liðanna.

Það var heldur kalt í veðri í októbermánuði þegar hollenska stórskotaliðið mætti til leiks. Ekki vantaði stjórnurnar og leikmenn á borð við Robin van Persie, Arjen Robben og Wesley Sneijder voru allir mættir til að takast á við íslensku strákana. Leikurinn var spennandi frá fyrstu mínútu, en Ísland fékk vítaspyrnu snemma leiks þegar Birkir Bjarnason var felldur í vítateig gestanna og Gylfi Þór Sigurðsson skoraði af öryggi í markið. Íslenska liðið lék skínandi vel í leiknum og stuttu fyrir hálfleik komst Ísland í 2-0, en Gylfi Þór skoraði þá af stuttu færi. Hollenska liðið blés eftir þetta til sóknar sem skilaði ekki miklu, því vörn Íslands var mögnuð í leiknum og sá til þess að bronслиð Hollands á HM fengi ekki nein dauðafæri. Svo fór að Ísland vann 2-0 sigur sem er væntanlega eitt stærsta afrek í knattspyrnusögu Íslands, ef ekki það stærsta.

Tap gegn Tékkum

Með 9 stig var haldið til Tékklands þar sem toppliðin í riðlinum leiddu saman hesta sína í borginni Plzen.

Það var vitað að leikurinn við Tékkland yrði erfiður enda höfðu heimamenn unnið sína leiki í riðlinum og voru jú á heimavelli. Það kom að því að íslenska liðið sá á eftir stigum og 2-1 tap var niðurstaðan í leiknum. Ísland byrjaði vel þegar varnarjaxlinn Ragnar Sigurðsson skallaði knöttinn í markið af stuttu færi snemma leiks og hlutirnir litu ágætlega út. Mark Tékkka á versta tíma, rétt fyrir hálfleik, sló okkar stráka út af laginu. Sigurmark Tékkka var heldur slysalegt, en sending fyrir markið hafði viðkomu í leikmanni Íslands og fór þaðan í markið. Tékkar léku heilt yfir betur í leiknum.

Yfir 600 Íslendingar létu vel í sér heyra á leiknum og voru landi og þjóð til mikils sóma.

Níu stig úr fyrstu fjórum leikjunum var líklega meira en flestir leyfðu sér að vona og er Ísland í 2. sæti riðilsins í góðri stöðu. Næsti leikur er útileikur við Kasakstan í mars. Strákarnir okkar ætla sér langt í keppninni og munu leika til sigurs í Astana.

Vináttuleikir á árinu

Karlandslíðið lék fjóra vináttuleiki á árinu. Fyrsti leikurinn fór fram í Abu Dhabi þar sem leikið var við Svía. Leikurinn endaði með 2-0 tapi en íslenska liðið var skipað leikmönnum af Norðurlöndunum þar sem ekki var leikið á alþjóðlegum leikdegi.

Næsti leikur fór fram í Cardiff í Wales þar sem einn besti knattspyrnumaður heims, Gareth Bale, fór heldur illa með íslenska liðið. Wales fagnaði 3-1 sigri í leiknum en Jóhann Berg Guðmundsson skoraði mark Íslands í leiknum.

Í maí var haldið til Austurríkis þar sem Kolbeinn Sigþórsson skoraði eina mark Íslands í 1-1 jafntefli. Austurríki komst yfir í leiknum en íslenska liðið jafnaði í seinni hálfleik.

Stuttu síðar var leikið heima við Eistland en leikurinn var heldur tilþrífalítill hjá báðum liðum. Kolbeinn Sigþórsson skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu en það tryggði Íslandi 1-0 sigur.

Ótrúleg byrjun á undankeppni EM

Undankeppni EM karla hófst með látum í september. Fyrsti leikur íslenska liðsins var gegn sterku liði Tyrkja en leikurinn fór fram á Laugardalsvelli. Fyrirfram var búist við erfiðum leik enda Tyrkir engin lömb við að eiga. Undirbúningur íslenska liðsins var góður og sást

það strax í leiknum að leikmenn áttu í fullu tré við stjórnur tyrkneska liðsins. Seflyssingurinn Jón Daði Böðvarsson opnaði markareikning sinn fyrir landsliðið með laglegu skallamarki á 18. mínútu leiksins en Jón Daði sýndi mikla áræðni þegar hann náði að skalla boltann með varnarmenn Tyrkja allt í kringum sig. Tyrkjar misstu Ömer Toprak af velli á 59. mínútu leiksins er hann handlék knöttinn viljandi, en hann hafði áður fengið gult spjald fyrir brot. Þetta hjálpaði íslenska liðinu skiljanlega sem bætti í sóknarpungann. Íslenska liðið komst í 2-0 á 76. mínútu þegar Gylfi Þór Sigurðsson hamraði boltann í netið. Boltinn barst í vítateiginn þar sem varnarmenn Tyrkja reyndu hvað þeir gátu til að koma boltanum í burtu en hann féll fyrir Gylfa sem kláraði færið frábærlega. Ef einhverjir héldu að sýningunni væri lokið þá var það alls ekki raunin. Tveimur mínútum eftir annað markið komst Ísland í skyndisókn sem lauk með því að Kolbeinn Sigþórsson skoraði framhjá markmanni Tyrkja og tryggði Íslandi 3-0 sigur í opunarleik liðanna í undankeppninni. Hreint út sagt magnaður leikur sem verður lengi í minnum hafður.

Ísland með fullt hús stiga eftir öruggan sigur í Lettlandi

Ísland vann frábæran 3-0 sigur í Lettlandi í október og var með fullt hús stiga eftir tvær umferðir í A-riðli. Íslenska liðið var mun

sterkara en það lettneska, en það tók þó dágóðan tíma að brjóta niður varnarmúr heimamanna. Fyrri hálfleikur var ekki mikið fyrir augað þar sem heimamenn í Lettlandi ákváðu að pakka í vörn og vera ekkert mikið að athafna sig úti á vellinum. Íslenska liðið náði ekki að komast í gegnum varnarmúr lettneska liðsins og þrátt fyrir ágætis tilraunir þá var staðan 0-0 í hálfleik. Lettar léku sama leik í seinni hálfleik þar sem þeir léku með þetta vörn og sóttu lítið. Heimamenn misstu mann af velli á 55. mínútu þegar sóknarmaðurinn Artjoms Rudnevs fékk að líta sitt annað gula spjald og þar með rautt fyrir að slá Aron Einar fyrirliða íslenska liðsins. Við þetta duttu Lettar enn aftur á völlinn og reyndu hvað þeir gátu að stöðva íslensku sóknirnar.

Það gekk brösuglega að byggja upp sóknir með alla leikmenn lettneska liðsins í þeirra vítateig og ekki margar glufur að finna á varnarveggnum. En íslenska liðið uppskar árangur þolinmæðinnar á 67. mínútu þegar Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sannkallað draumamark. Gylfi fékk boltann í vítateig Letta þar sem hann snéri á varnarmenn áður en hann hamraði boltanum í netið.

Dómari leiksins meiddist á 70. mínútu og reyndi sjúkrateymi íslenska liðsins að tjasla honum saman. Það gekk þó ekki sem skyldi og tók nokkrar mínútur að hefja leik að nýju með uppstokkun á 6 manna dómarateymi leiksins. Ísland hélt áfram að sækja og sóknin skilaði marki á 77. mínútu þegar Aron Einar Gunnarsson skallaði knöttinn í markið eftir frábæra fyrirgjöf Emils Hallfreðssonar.

Lars og Heimir gátu hvílt leikmenn eftir þetta, enda næsti leikur við Hollendinga þremur dögum síðar. En markaskorun var ekki lokið og það var Rúrik Gíslason sem með harðfylgi skoraði seinasta mark leiksins undir lokin. Eftir 8 mínútur í uppbótartíma varð niðurstaðan 3-0 sigur Íslands.

Magnaður sigur á Hollandi

Strákarnir okkar sáu vallargestum í Laugardalnum og áhorfendum víða um heim fyrir eftirminnilegu októberkvöldi þegar Hollendingar





voru lagðir í undankeppni EM. Lokatölur urðu 2-0 og skoraði Gylfi Þór Sigurðsson bæði mörk leiksins í fyrri hálfleik. Ísland var þegar þarna var komið við sögu með fullt hús stiga eftir þrjá leiki, jafnmörg stig og Tékkar, en íslenska liðið hafði ekki fengið á sig mark.

Stemningin var frábær allan tímann og aðeins einu sinni féll allt í dúnalogn í Laugardalnum, þegar Gylfi bjó sig undir að taka vítaspyrnu á 10. mínútu leiksins. Vítaspyrnan var dæmd eftir að brotið hafði verið á Birki Bjarnasyni sem sýndi þar gríðarlega seiglu. Fögnuðurinn varð svo gríðarlegur þegar hann setti boltann í markið og hann varð ekki minni á 42. mínútu þegar Gylfi hamraði boltann í þaknetið eftir mikla baráttu í teignum í kjölfar hornspyrnu Emils Hallfreðssonar.

Sama baráttu, yfirvegun og dugnaður einkenndi leik íslenska liðsins í seinni hálfleik. Gestirnir voru með boltann lengst af í leiknum, en íslenska liðið gaf engin færi á sér og fékk betri færi en Hollendingar í heildina. Það var svo frábær liðsheild sem fagnaði innilega sigri í leikslok ásamt 9.760 áhorfendum sem létu svo sannarlega heyra í sér allan leikinn.

Belgar höfðu betur í Brüssel

Belgar höfðu betur gegn Íslendingum í vináttulandsleik sem leikinn var í Brüssel. Lokatölur urðu 3-1 fyrir

Belga eftir að staðan í leikhléi hafði verið jöfn, 1-1. Mark Íslands kom á 13. mínútu en það var Alfreð Finnbogason sem skoraði markið. Í byrjunarliði Íslands voru níu leikmenn sem höfðu ekki byrjað leik í undankeppni EM þegar þarna var komið við sögu. Frammistaða þeirra sem og annarra sem komu við sögu í leiknum gegn Belgíu sýndi vel hversu mikil og góð breidd er í íslenska landsliðshópnum.

Tap í Tékklandi

Ísland tapaði 2-1 gegn Tékklandi í uppgjöri toppliðanna í A-riðli. Tékkar voru sterkari aðili í leiknum og Ísland náði aldrei að sýna sömu takta og það hafði gert í undanförunum leikjum.

Ísland komst yfir á 9. mínútu eftir að Birkir Bjarnason náði að skalla boltann frá endalínu út í vítateig Tékkka þar sem Ragnar Sigurðsson var mættur og skallaði boltann glæsilega í netið.

Tékkar sóttu stíft að íslenska markinu eftir þetta og það skilaði marki í blálök fyrri hálfleiks Pavel Kaderábek skallaði knöttinn í markið eftir aukaspyrnu.

Tékkar komust svo yfir á 61. mínútu með slysalegu marki. Eftir sókn Tékkka kom fyrirgjöf frá vinstri, en boltinn fór í Jón Daða Böðvarsson og breytti snögglega um stefnu. Hannes Þór, markmaður, náði ekki að komast fyrir skotið og boltinn lak inn.

Tékkarnir léku af varkárni eftir þetta og reyndu að halda boltanum sem mest innan síns liðs. Jóhann Berg Guðmundsson var þó nærri búinn að jafna metin þegar stutt var eftir en Petr Cech varði glæsilega þrumuskot Jóhanns úr vítateignum. Niðurstaðan 2-1 tap gegn sterku liði Tékkka, en íslenska liðið hefði samt með smá heppni getað náð jafntefli.

Ný UEFA-keppni A-landslíða karla

Á ársþingi UEFA sem haldið var í Astana í Kasakstan samþykktu öll 54 aðildarlöndin að stofna sérstaka keppni A-landslíða karla, sem verður leikin samhliða undankeppnum EM og HM og fer þessi nýja UEFA-keppni fyrst fram að lokinni úrslitakeppni HM 2018.

Nákvæmt fyrirkomulag keppninnar verður kynnt síðar, en þó liggur fyrir að aðildarlöndunum verður skipt í fjórar deildir (styrkleikaflokka) og verður leikið í riðlakeppni innan hversrar deildar fyrir sig. Þannig mætast eingöngu lið innan sömu deildar.

Þessi nýja keppni er í raun þriðþætt – keppt er um sigur í mótinu, keppt er um að komast upp um deild og keppt er um aukasæti í lokakeppni EM.

A-LANDSLIÐ KVENNA



Brons á Algarve...

Grátlega nálægt HM 2015

Íslenska kvennalandsliðið byrjaði árið vel og á hinu sterka Algarve-móti í Portúgal náði íslenska liðið þeim góða árangri að landa bronsinu. Íslenska liðið sigraði í leikjum gegn Kína og Noregi, en tapaði fyrir Evrópu- og heimsmeisturum Þýskalands. Stigin sex tryggðu Íslandi þó leik um bronsið þar sem Svíar voru mótherjarnir og stelpurnar okkar gerðu sér lítið fyrir og unnu leikinn 2-1. Ekki amalegur árangur gegn gríðarlega sterkum knattspyrnuþjóðum.

Í undankeppni HM var Ísland í góðri stöðu í baráttunni um sæti á HM í Kanada 2015, en lykilleikir liðsins við Dani réðu þar úrslitum. Sviss var með öflugasta liðið í riðlinum og því var ljóst að Ísland þurfti að treysta á að ná 2. sætinu, og til að komast í umspil þurfti að ná betri árangri en lið í sömu stöðu í öðrum riðlum. Jafntefli í Danmörku gerði verkefnið erfitt og sigur þurfti að vinnast gegn Dönum á heimavelli. Íslenska liðið fékk fjölmörg góð færi til að skora á Laugardalsvelli en ekki vildi boltinn í markið. Danir náðu svo að skora eina mark leiksins sem þýddi að líklega myndi 2. sætið hvorki duga Íslendingum né Dönum til að komast í umspil. Seinasti leikur ársins var gegn Serbum á Laugardalsvelli og lauk honum með 9-1 stórsigri Íslands, sem hafnaði í 2. sæti riðilsins. Góður árangur, en nægði þó ekki til að komast í umspil um sæti á HM 2015.

Tveir leikmenn kvennaliðsins tilkynntu það á árinu að þær myndu setja landsliðsskóna á hilluna, en þetta voru þær Ólína G. Viðarsdóttir og markmaðurinn Þóra Björg Helgadóttir, sem gerði sér lítið fyrir í leiknum gegn Serbum og skoraði úr vítaspyrnu og endaði með því landsliðsferilinn á skemmtilegan hátt. Þá setti Edda Garðarsdóttir landsliðsskóna á hilluna.



Í lok árs var svo gengið frá framlengingu á samningi landsliðsþjálfarateymisins og verða Freyr Alexandersson og Ásmundur Haraldsson því áfram með liðið næstu misserin.

Þóra Björg og Dóra María komnar í 100-leikja klúbbinn

Katrín Jónsdóttir er lang leikjahæsti leikmaður A-landsliðs kvenna frá upphafi. Hún lék alls 133 leiki og var Edda Garðarsdóttir önnur til að rjúfa 100 leikja múrinn, en það gerði hún á árinu 2013. Á Algarve-mótinu í ár bættust svo tveir leikmenn í þennan 100-leikja hóp. Þóra B. Helgadóttir lék sinn 100. leik í 2-1 sigri á Noregi, fyrsta leik mótsins. Í Svíaleiknum náði Dóra María Lárusdóttir, sem kom við sögu í öllum leikjum íslenska liðsins á Algarve-mótinu, þeim áfanga að leika sinn 100. A-landsleik. Þess má geta að í fyrsta leik Dóru Maríu hún kom inn á sem varamaður í 10-0 sigri á Pólverjum á Laugardalsvelli í undankeppni EM 2005. Það tók hana 5 mínútur að skora sitt fyrsta landsliðsmark, tíunda mark Íslands í leiknum. Fyrsti leikur Þóru var vináttuleikur gegn Bandaríkjunum í maí 1998 og kom hún inn á þegar 10 mínútur

voru eftir af leiknum, sem fram fór í borginni Betlehem í Pennsylvaníuríki í Bandaríkjunum.

Þýskur fimm marka sigur

A landslið kvenna tapaði með fimm mörkum gegn engu þegar liðið mætti Þýskalandi í fyrsta leik í á Algarve-mótinu í Portúgal. Þýska liðið, sem var ógnarsterkt að venju, skoraði þrjú mörk í fyrri hálfleik og tvö í þeim seinni.

Sætur sigur á Noregi

Stelpurnar unnu góðan sigur á Noregi en þetta var annar leikur Íslands á mótinu. Lokatölur urðu 2 - 1 fyrir íslenska liðið eftir að markalaust hafði verið í leikhléi. Mist Edvardsdóttir kom Íslandi yfir með marki á 47. mínútu en norska liðið jafnaði metin á 81. mínútu leiksins. Það var markamaskínan Harpa Þorsteinsdóttir sem skoraði svo sigurmark leiksins undir lok leiksins og tryggði Íslandi sætan 2-1 sigur. Þóra B. Helgadóttir lék sinn 100. landsleik og varði hún oft stórkostlega.

Kínverjar lagðir

Ísland vann sætan sigur á Kínverjum í lokaleik liðsins í riðlakeppninni. Íslenska liðið vann með einu marki gegn engu og kom markið í uppbótartíma þegar Fanndís Friðriksdóttir skoraði beint úr hornspyrnu.

Þriðja sætið tryggt með sigri á Svíum Ísland tryggði sér þriðja sætið á mótinu með sigri 2-1 gegn Svíum í frábærum leik. Þetta var aðeins í annað skiptið sem Ísland leggur Svíþjóð í A landsliðum kvenna, í 15 leikjum. Sara Björk Gunnarsdóttir komst ein í gegn á 28. mínútu og renndi boltanum í netið. Aðeins þremur mínútum síðar komst Harpa Þorsteinsdóttir í gegn og í netinu hafnaði boltinn. Svíar minnkuðu muninn undir lok leiksins en nær komust þeir ekki og 2-1 sigur og brons á mótinu staðreynd, en þetta er næst besti árangur íslenska liðsins á þessu sterka móti.

Sanngjarn sigur í Tel Aviv

Kvennalandslíðið vann sanngjarnan sigur á Ísrael í undankeppni HM 2015, en leikið var á Ramat Gan vellinum í apríl. Lokatölur urðu 1-0 eftir að markalaust hafði verið í leikhléi. Íslenska liðið stjórnaði leiknum allan tímann, eins og búist hafði verið við, en heimastúlkur lágu vel til baka. Þrátt fyrir mikla sókn og nokkur dauðafæri í kom eina mark leiksins eftir klukkutíma leik, þegar Fanndís Friðriksdóttir lék inn í vítateig og lagði boltann á

Dagnýju Brynjarsdóttur sem skoraði úr miðjum teignum. Íslenska liðið fagnaði sigri sem hafði krafist mikillar þolinmæði.

Stórsigur á Möltu

Næsti leikur var fimm dögum síðar gegn Möltu í Valletta, þar sem Ísland vann 8-0 stórsigur. Yfirburðir íslenska liðsins voru algerir frá upphafi til enda og einungis spurningin um hversu stór sigurinn yrði. Harpa Þorsteinsdóttir skoraði þrennu í leiknum, Dagný Brynjarsdóttir gerði tvö mörk, og þær Dóra María Lárusdóttir, Fanndís Friðriksdóttir og Guðmunda Brynja Óladóttir eitt mark hver. Mörg markanna voru mjög glæsileg - eftir einstaklingsframtak, föst leikatriði og vel útfærðar sóknir.

Svissneskur sigur í Nyon

Ísland beið lægri hlut gegn Sviss þegar liðin mættust á Colovray-leikvanginum í Nyon, rétt við höfuðstöðvar UEFA, í maí. Lokatölur leiksins voru 3-0 gegn feykisterku svissnesku liði, sem var þegar orðið lang efst í riðlinum.

1-1 jafntefli í Vejle

Leikið var við Dani í Vejle í júní og var niðurstaðan þar 1-1 jafntefli. Þetta var lykilleikur fyrir bæði lið og þó sigur hefði verið mun þýðingarmeiri fyrir íslenska liðið í baráttunni um sæti í umspili hélt liðið öðru sæti riðilsins. Dóra María Lárusdóttir náði forystunni fyrir Ísland á 28. mínútu,

en Danir jöfnuðu sjö mínútum síðar. Ísland var þegar þarna var komið við sögu með 10 stig í 2. sæti riðilsins, stigi á undan Dönnum og Ísraelum, sem steinlágu fyrir Sviss, 9-0. Sviss var þarna komið með 22 stig og hafði skorað 41 mark í sínum átta leikjum.

Öruggur sigur í Laugardalnum

Öruggur fimm marka sigur vannst gegn Möltu á Laugardalsvelli fjórum dögum eftir leikinn við Dani. Yfirburðir íslenska liðsins voru miklir frá upphafi til enda og í raun hefðu mörkin getað orðið mun fleiri því íslensku stelpurnar fengu fjölda færa í leiknum og markskotin voru ansi mörg. Hólmfríður Magnúsdóttir, Dóra María Lárusdóttir og Elín Metta Jensen, með sitt fyrsta landsliðsmark, skoruðu í fyrri hálfleik og Dagný Brynjarsdóttir og Elín Metta bættu við mörkum í þeim seinni.

Arna Sif lék sinn fyrsta A-landsleik Arna Sif Ásgrímsdóttir, leikmaður Þórs/KA, lék sinn fyrsta A-landsleik þegar hún kom inn á sem varamaður í leik Íslands og Danmerkur í undankeppni HM 2015, þegar liðin mættust á Laugardalsvelli. Af því tilefni afhenti Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri stjórnar KSÍ og formaður landsliðsnefndar kvenna, Örnú Sif nýliðamerki A landsliðsins. Arna Sif var þó ekki nýliði þegar kemur að landsliðum almennt, því hún hafði þegar leikið nærri 39 leiki fyrir önnur landslið Íslands - einn leik fyrir U23 landslið, 23 fyrir U19 og 15 fyrir U17.





Sárt tap gegn Dönum

Íslensku stelpurnar biðu í ágúst lægri hlut gegn Dönum á Laugardalsvelli. Lokatölur urðu 0 -1 eftir að markalaust hafði verið í leikhléi. Með þessu tapi voru möguleikar Íslands á að komast á HM úr sögunni. Íslenska liðið lék af miklum krafti, skapaði sér fjölmörg færi og hreint með ólíkindum að boltinn skuli ekki hafa hafnað í netinu hjá Dönum, sem gerðu eina mark leiksins eftir tæpan klukkutíma. Þegar rúmenski dómariinn flautaði til leiksloka var ljóst að draumurinn um sæti á HM 2015 var úr sögunni að þessu sinni hjá Íslendingum. Danir voru þarna komnir í 2. sæti riðilsins með 15 stig en Ísland sat í því þriðja með 13 stig. Sviss var sem fyrr öruggt í efsta sæti með 25 stig.

Öruggur sigur á Ísrael

Í september lék Ísland tvo síðustu leikina í undankeppni HM 2015, heimaleiki gegn Ísrael og Serbíu með fjögurra daga millibili. Íslensku stelpurnar unnu öruggan 3-0 sigur á Ísrael og skoruðu þær Dagný Brynjarsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir mörk í fyrri hálfleik, og Sara Björk Gunnarsdóttir bætti við þriðja markinu í þeim seinni.

Stórsigur á Serbum í síðasta landsleik Þóru

Íslendingar unnu síðan stórsigur á Serbum í lokaleik undankeppni HM. Lokatölur urðu 9-1 eftir að staðan hafði verið 3-0 í leikhléi. Harpa Þorsteinsdóttir, Rakel Hönnudóttir og Dagný Brynjarsdóttir skoruðu allar tvö mörk, en Arna Sif Ásgrímsdóttir, Glódís Perla Viggósdóttir og Þóra Björg Helgadóttir markvörður (vítaspyrna) skoruðu hin mörkin þrjú. Með þessum úrslitum tryggði Ísland sér annað sætið í riðlinum þar sem Danir töpuðu óvænt gegn Ísrael á heimavelli. Það dugði þó ekki til að komast í umspil fyrir úrslitakeppnina, því aðeins fjögur lið með bestan árangur í öðru sæti úr riðlunum tíu komust í umspilið. Engu að síður frábær endir á góðri undankeppni og ekki síst ánægjulegt að kveðja Þóru Helgadóttur með slíkum leik og úrslitum. A-landsliðsferill hennar hófst árið 1998 og spannar því góð 16 ár. Frábær leikmaður sem hefur verið einn besti markvörður heims um árabíl.

Nýr tveggja ára samningur við Frey Alexandersson

Knattspyrnusamband Íslands gerði að lokinni undankeppni HM 2015 nýjan tveggja ára samning við Frey Alexandersson um þjálfun A landsliðs kvenna. Samningurinn gildir út árið 2016 en Frey tók

við kvennalandsliðinu í ágúst 2013. Þá gerði KSÍ einnig nýja samninga við Ásmund Haraldsson, aðstoðarþjálfara, og Ólaf Pétursson, markvarðarþjálfara, um að vera Frey áfram innan handar. Framundan hjá kvennalandsliðinu er undankeppni EM 2017, en dregið verður í riðla í apríl 2015. Að þessu sinni munu 16 þjóðir komast í úrslitakeppnina (hafa verið 12 hingað til) sem haldin verður í Hollandi.

Lægri meðalaðsókn en í þremur síðustu keppnum

Meðalaðsókn að heimaleikjum A-landsliðs kvenna hefur lækkað nokkuð að undanfögnu, en meðalaðsókn var 1.520 á leikina í undankeppni HM 2015. Hæst var meðalaðsókn fyrir undankeppni EM 2009, en þá sóttu að meðaltali 4.323 leiki liðsins. Í undankeppni EM 2013 var meðalaðsókn 3.053 og er aðsóknin í undankeppni HM sem kláraðist síðastliðið haust því talsvert lægri. Þess má þó geta að seinustu tveir heimaleikir ársins höfðu ekki mikið vægi þar sem íslenska liðið átti ekki möguleika á sæti í lokakeppninni. Best sótti leikurinn var gegn Danmörku en þá mættu 3.595 á Laugardalsvöll og létu vel í sér heyra.

YNGRI LANDSLIÐ



Umspil um sæti á EM...

Strákarnir í umspil um sæti á EM U21 karla

Eyjólfur Sverrisson hefur verið við stjórnvölinn hjá U21 landsliði karla síðan 2003 ef frá eru skilin árin 2006 og 2007. Samið var við hann undir lok ársins um að hann haldi áfram sem þjálfari liðsins til loka árs 2016. Tómas Ingi Tómasson verður áfram aðstoðarmaður hans. Liðið lék sex leiki á árinu, þrjá í undankeppni EM, tvo umspilsleiki um sæti í úrslitakeppni EM og einn vináttulandsleik.

Leikið var gegn Kasakstan 5. mars á Astana Arena, sem er knattspyrnuhús með sætum fyrir 34 þúsund áhorfendur, en 25 gráðu frost var í Astana. Ísland var sterkari aðilinn í leiknum en engu að síður komst Kasakstan í 2-0 snemma í fyrri hálfleik. Í síðari hálfleik voru yfirburðir okkar manna þó nokkrir og tókst þeim að jafna leikinn, en Kasakstan skoraði sigurmark sitt í leiknum á 89. mínútu og niðurstaðan því 3-2 tap. Annar leikur ársins var æfingaleikur gegn Svíum á Akranesvelli 5. júní en ekki var leikið á alþjóðlegum leikdegi og hvorugt lið því með alla sína sterkustu leikmenn. Svíar voru betri aðilinn í leiknum og unnu sanngjarnan 2-0 sigur.

Þriðji leikurinn var gegn Armeníu 6. september á Fylkisvelli. Ljóst var fyrir leikinn að Ísland yrði að fá a.m.k. 4 stig úr tveimur síðustu leikjunum og yrði að skora sem flest mörk ætlaði liðið að eiga möguleika á því að komast í umspil um sæti í úrslitakeppni EM 2015. Það var því blásið til sóknar í leiknum og vann Ísland öruggan 4-0 sigur. Síðasti leikur riðlakeppninnar og fjórði leikur ársins var gegn Frökkum 8. september og var leikið á Abbé Deschamps vellinum í Auxerre. Liðið þurfti nauðsynlega á a.m.k. einu stigi að halda og var farið vel yfir varnarleikinn á æfingum fyrir



leikinn. Frakkar mættu með sitt allra sterkasta lið og voru fyrir leikinn búnir að skora 27 mörk í keppninni. Íslenska liðið spilaði mjög sterkan varnarleik og reyndi að beita skyndisóknum, en varð lítið ágengt. Frökkum tókst að rjúfa varnarmúr Íslands um miðjan seinni hálfleik, en okkar piltar jöfnuðu metin eftir hornspyrnu þegar um 10 mínútur voru eftir af leiknum. Það sem eftir lifði leiks varðist Ísland vel og stigið sem þurfti til að tryggja umspilssætið var í höfn.

Í umspilinu mætti Ísland síðan Danmörku í tveimur leikjum. Fyrri leikurinn fór fram 10. október á Aalborg Stadion í Danmörku. Leikurinn var aldrei skemmtilegur á að horfa og fékk íslenska liðið ekki eitt einasta færi, en það danska fékk eitt ágætisfæri sem ekki nýttist og lauk leiknum með markalausum jafntefli. Mikið og gott vinnuframlag piltanna skilaði þessum úrslitum, en Danir höfðu skorað mest allra þjóða í riðlakeppninni. Síðari leikurinn, sem fram fór á Laugardalsvelli 14. október, var öllu opnari og fengu Danirnir þó nokkur færi í leiknum. Allt stefndi

í framlengingu þegar gestunum tókst loks að skora á lokamínútu venjulegs leiktíma. Ísland varð þá að skora tvö mörk í uppbótartímanum því Danir voru áfram í þessari stöðu með marki skorðu á útivelli. Ísland lagði því allt í sóknina og jafnaði metin úr vítaspyrnu á þriðju mínútu uppbótartíma. Danir tóku síðan miðju, en þá flautaði dómari leiksins til leiksloka og Danir komnir í umspil á þessu dýrmæta marki á Laugardalsvelli.

U19 karla

Í desember 2014 var Þorvaldur Örylgsson ráðinn landsliðsþjálfari U19 karla og tók hann við af Kristni R. Jónssyni sem hafði verið þjálfari liðsins frá desember 2006. Liðið lék 10 leiki á árinu, þar af voru fjórir vináttulandsleikir, þrír leikir í milliriðli EM 2014 og þrír leikir í undakeppni EM 2015. U19 – Leikmenn fæddir 1995 og síðar. Liðið lék tvo vináttuleiki við Svía í Kórnum og Egilshöll í byrjun mars og vann tvo góða sigra. Fyrri leikinn vann íslenska liðið 3-0 og seinni leikinn, 2-0. Íslenska liðið lék svo í milliriðli EM

og var í riðli með Írum, Serbum og Tyrkjum en leikið var í Írlandi um mánaðamótin maí/júní. Fyrsti leikurinn var gegn Írum sem skoruðu tvívegis í seinni hálfleik áður en íslenska liðið minnkaði muninn. Lengra komst íslenska liðið ekki og Írar unnu 2-1.

Serbar voru næstu andstæðingar sem unnu öruggan 6-0 sigur. Lokaleikurinn var gegn Tyrkjum sem komust fljótlega yfir, en íslenska liðið svaraði með tveimur mörkum áður en Tyrkir jöfnuðu fyrir hlé. Tyrkneska liðið bætti tveimur mörkum við seint í leiknum, en síðasta íslenska markið kom í uppbótartíma og leiknum lauk 4-3.

Serbar komust í úrslitakeppnina á hagstæðari markamun en Tyrkir, en bæði lið hlutu 7 stig, Írar fengu 3 og okkar menn ráku lestina án stiga.

U19 – Leikmenn fæddir 1996 og síðar

Tveir vináttuleikir voru leiknir gegn Norður Írumí Belfast, 3. og 5. september. Fyrri leiknum lauk með 2-2 jafntefli þar sem okkar menn komust í 2-0 í fyrri hálfleik en heimamenn jöfnuðu með tveimur mörkum í síðari hálfleik. Seinni leikinn unnu svo heimamenn 3-1, náðu þriggja marka forystu áður en Ísland skoraði síðasta mark leiksins. Liðið lék svo í undankeppni EM 2015 í Split í Króatíu. Leikið var í október og auk heimamanna voru Tyrkir og Eistar mótherjarnir. Fyrsti leikurinn gegn Tyrkjum tapaðist 7-3. Íslenska liðið komst fyrst yfir og jafnaði síðan í 2-2. Síðasta mark íslenska liðsins breytti stöðunni í 6-3.

Heimamenn voru næstu andstæðingar og eftir markalausan fyrri hálfleik skoruðu Króatarnir tvisvar áður en íslenska liðið minnkaði muninn, en Króatarnir gulltryggðu 4-1 sigur með tveimur mörkum undir lokin. Eistar voru lokaandstæðingarnir og unnu þeir 3-0 sigur. Króatar unnu riðilinn með 5 stig, Tyrkir fylgdu þeim í milliriðla með 5 stig, Eistar hlutu 4 stig en Íslendingar ekkert.

U17 karla

Þorlákur Árnason, sem hafði verið þjálfari liðsins frá 2013, lét af störfum í lok árs og í hans stað var Halldór Björnsson ráðinn til tveggja ára. Liðið lék alls 15 leiki á árinu.

U17 karla – Leikmenn fæddir 1997 og síðar

Árið hófst með tveimur vináttulandsleikjum gegn Norðmönnum í Kórnum, 28. febrúar og 2. mars. Gestirnir unnu báða leikina, þann fyrri 1-3 og þann seinni 0-2.

Liðið lék svo í milliriðli EM í Portúgal en auk heimamanna og Íslands voru Lettar og Úkraínnumenn í riðlinum. Fyrsti leikurinn var gegn Úkraínnumönnum, sem skoruðu sitt hvoru megin við leikhléið og unnu 2-0 sigur. Annar leikurinn var gegn Lettum og þrátt fyrir mörg færi tókst ekki að skora og leikurinn endaði 0-0.

Þriðji leikurinn var gegn heimamönnum sem þá þegar voru búnir að tryggja sæti sitt í úrslitunum, en gáfu ekkert eftir og unnu 3-0 sigur og luku keppni með fullt hús stiga, Úkraínnumenn hlutu 6 stig og Íslendingar og Lettar eitt stig hvor þjóð.

U17 karla – Leikmenn fæddir 1998 og síðar

Liðið lék á undirbúningsmóti á vegum UEFA á Norður-Írlandi í apríl. Fyrsti leikurinn var gegn Wales sem vann 2-1, annar leikurinn var gegn heimamönnum sem unnu 1-0, og þriðji leikurinn var gegn Færeyingum en þar vann íslenska liðið 5-0. Wales hlaut 9 stig, Norður-Írar 6, Íslendingar 3 og Færeyingar ekkert. Opna Norðurlandamótið var að þessu sinni haldið á Jótlandi 28. júlí - 2. ágúst. Var íslenska liðið í riðli með Svíum, Finnum og Englendingum. Fyrsti leikurinn var gegn Englendingum sem skoruðu 2 mörk í fyrri hálfleik og 3 í þeim seinni, en Ísland skoraði síðasta mark leiksins. Annar mótherjinn í riðlinum var lið Svíþjóðar sem skoraði eina mark leiksins í síðari hálfleik. Lokaleikurinn í riðlinum var gegn Finnum og lauk þeim leik með markalausu jafntefli.

Í leikjum um sæti var spilað við Færeyinga. Eitt mark í hvorum hálfleik tryggði 0-2 sigur Íslands og 7. sætið í mótinu.

Riðill Íslands í undankeppni Evrópumótsins var leikinn í Moldavíu í október. Auk heimamanna voru Armenar og Ítalir með okkar drengjum í riðli. Fyrsti leikurinn var gegn heimamönnum og lauk honum með markalausu jafntefli. Næst var leikið gegn Armenum og vannst þar 2-0 sigur. Lokaleikurinn var gegn Ítölum. Ísland skoraði í upphafi síðari hálfleiks en Ítalir, sem höfðu þegar tryggt sig áfram, jöfnuðu undir lok leiksins. Jafnteflið var samt nóg og annað árið í röð komst U17 áfram í milliriðil. Ítalir unnu riðilinn með 7 stig, Ísland hlaut 5, Moldóvar 4 en Armenía lauk keppni án stiga. Í desember var dregið í milliriðla og er íslenska liðið í riðli með Austurríki, Rússlandi og Wales og verður leikið í Rússlandi í mars.

U15 karla

Liðið var undir stjórn Freys Sverrissonar sem undanfarin ár hefur stýrt verkefnum U16 karla og verið aðstoðarþjálfari hjá U17 karla. Verkefni liðsins var stórt og spennandi, Ólympíuleikar ungmenna í Nanjing í Kína, en liðið hafði tryggt sér sæti þar með sigrum á Finnlandi og Moldavíu árið áður. Alls tóku lið frá 6 þjóðlöndum þátt í knattspyrnu drengja og voru það Perú, Suður-Kórea, Ísland, Grænhöfðaeyjar, Hondúras og Vanuatu-eyjar. Ísland var fulltrúi Evrópu og var í riðli með Hondúras og Perú.

Íslenska liðið vann öruggan 5-0 sigur á Hondúras í fyrsta leik riðilsins. Perú komst 2-0 yfir í öðrum leiknum áður en okkar drengir minnkuðu muninn en lengra komst íslenska liðið ekki. Perú vann svo Hondúras og tryggði sér sigur í riðlinum, Ísland varð í öðru sæti og Hondúras í því þriðja.

Í undanúrslitum mætti íslenska liðið Suður-Kóreu. Fyrsta mark leiksins var íslenskt, en Suður Kórea jafnaði og staðan því 1-1 eftir venjulegan leiktíma. Í vítaspyrnukeppninni höfðu suður-kóresku strákarnir betur 3-1. Í leiknum um þriðja sæti var leikið gegn Grænhöfðaeyjum. Ísland

gerði 2 mörk í hvorum hálfleik, vann öruggan fjögurra marka sigur og tryggði sér brons. Lið Perú vann til gullverðlauna og Suður-Kórea fékk silfur. Alls voru leiknir 11 leikir í drengjakeppninni og voru áhorfendur samtals 116.572 eða 10.597 að meðaltali á leik.

U19 kvenna

Ólafur Þór Guðbjörnsson hefur þjálfað U19 kvenna frá árinu 1999. Hann þjálfaði liðið fram yfir milliriðla EM og honum til aðstoðar var Úlfar Hinriksson. Úlfar Hinriksson stjórnaði svo liðinu í undankeppni EM síðastliðið haust og honum til aðstoðar var Þórður Þórðarson, sem var síðan ráðinn landsliðsþjálfari U19 kvenna. Liðið lék 10 landsleiki á árinu.

U19 kvenna – Leikmenn fæddir 1995 og síðar

Í mars lék liðið tvo vináttuleiki við Finna sem undirbúning fyrir milliriðla EM. Íslenska liðið tapaði báðum leikjum, þeim fyrri 4-1 og þeim síðari 2-0.

Milliriðillinn fór svo fram í Króatíu í byrjun apríl. Í fyrsta leiknum var leikið gegn Skotum og töpuðu okkar

stúlkur illa 1-5. Næsti leikur tapaðist einnig, að þessu sinni 2-4 fyrir Rússum. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Króötum og lauk honum með 1-1 jafntefli.

U19 kvenna – Leikmenn fæddir 1996 og síðar

Í apríl lék liðið í undirbúningsmóti UEFA í Færeyjum. Leiknir voru tveir leikir, sá fyrri gegn heimastúlkum þar sem íslenska liðið hafði betur, 2-0, en sá seinni var gegn Skotum og þar tapaði íslenska liðið 0-1.

Liðið lék svo í september í undankeppni EM í Litháen. Fyrsti leikur var gegn heimastúlkum og vann íslenska liðið öruggan 8-0 sigur. Liðið sigraði einnig í sínum öðrum leik, gegn Króatíu 1-0. Tap, 1-2, í lokaleiknum gegn Spáni kom ekki að sök, þar sem íslenska liðið var öruggt áfram í milliriðla. Leikið verður í milliriðlinum í Frakklandi í byrjun apríl þar sem leikið verður við lið heimamanna, Rúmena og Rússa.

U17 kvenna – Leikmenn fæddir 1998 og síðar

Úlfar Hinriksson er þjálfari liðsins

en hann tók við liðinu um mitt ár 2012. Liðið lék níu leiki á árinu en þar sem Íslendingar eru gestgjafar úrslitakeppni EM 2015 í þessum aldursflokki, lék liðið því ekki í undankeppni EM 2014/15.

Í apríl fór fram undirbúningsmót UEFA fyrir þennan aldursflokk og fór riðill Íslands fram á Norður-Írlandi.

Ísland lék þrjá leiki og var fyrsti leikurinn gegn Wales þar sem Ísland vann 4-0. Annar leikur liðsins var gegn Norður-Írum og lauk honum með 0-2 tapi. Lokaleikur Íslands var gegn Færeyjum og lauk þeim leik með 5-1 sigri okkar stúlkna.

Í byrjun júlí fór fram Norðurlandamót stúlkna í Svíþjóð. Íslenska liðið tapaði öllum leikjum sínum á mótinu, gegn Svíþjóð 0-3, gegn Englandi 1-3, gegn Hollandi 0-6 og lokaleiknum 2-3 gegn Finnlandi.

Liðið lék svo tvo vináttuleiki við Finna í nóvember. Skemmst er frá því að segja að báðir leikirnir töpuðust, sá fyrri 2-0 og sá síðari 1-0 en sá leikur var spilaður á móti leikmönnum fæddum 1997.



MÓTIN INNANLANDS



Magnað ár að baki...

Æsispennandi Íslandsmót karla

Margir grasvellir, einkum á höfuðborgarsvæðinu komu illa undan köldum vetri og voru ekki leikfærir í upphafi móts, en klaki hafði leikið þá grátt. Því var nokkuð um breytingar á leikstöðum sem var ekki óskastaða í upphafi Íslandsmótsins.

Í Pepsi-deildinni var heimaleikjum víxlað og nokkuð var um að heimaleikir Reykjavíkurfélaga færu fram á gervigrasvellinum í Laugardal. Viðureign Breiðabliks og KR í 2. umferð, heimaleikur Blika, fór fram á Samsung-velli Stjörnumanna í Garðabæ. Fyrsti leikur KR-inga á heimavelli sínum í Vesturbænum var 2. júní en, fram að því höfðu heimaleikir KR farið fram á gervigrasinu í Laugardalnum. Sömu sögu er að segja af Fram sem lék fyrst á Laugardalsvelli þann 10. júní og Víkingur byrjaði að spila í Víkinni 9. júní.

KR-ingum var spáð góðu gengi á árinu og margir töldu þá meistaraefni enda ríkjandi Íslandsmeistarar með sterkan hóp. Liðið tapaði þó fyrsta leik sínum gegn Val og svo tapaði liðið gegn FH stuttu síðar.

Deildin var í meira lagi spennandi þar sem boðið var upp á dramatíska leiki. Spilaðist mótíð þannig að Þórsarar og Framarar lentu fljótlega í vandræðum sem lauk með því að liðin féllu um deild, en þrjú lið börðust nánast til enda um Íslandsmeistaratitilinn. Þetta voru Stjarnan, FH og KR. Þegar fáar umferðir voru eftir heltust KR-ingar úr lestinni og við tók magnaður endasprettur FH og Stjörnunna í kapphlaupi að titlinum.

Lokaleikir mótsins spiluðust svo þannig að þessi tvö lið, FH og Stjarnan, léku úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn þar sem FH nægði jafntefli til að hampa



þeim stóra. Leikurinn var einn sá eftirminnilegasti í langan tíma, setið var í öllum sætum á Kaplakrikavelli og spennustigið nánast mælanlegt á Richter-skala. Það var boðið upp á allt í þessum slag þar sem rautt spjald fór á loft, víti var dæmt á lokamínútu leiksins og allt ætlaði svo um koll að keyra eftir að dómari leiksins flautaði leikinn af. Svo fór að Stjarnan vann þennan úrslitaleik 2-1 en Ólafur Karl Finsen skoraði sigurmarkið af vítapunktinum í uppbótartíma. Stjarnan tók svo við Íslandsmeistarabikar karla í fyrsta sinn í sögu félagsins við mikla gleði gestanna úr Garðabæ. Frábæru Íslandsmóti lauk með eftirminnilegum leik sem talað verður um næstu árin - jafnvel áratuginna.

Stjarnan vann Íslandsmótið, Pepsi-deildina, án þess að tapa leik með 52 stig, svo kom FH með 51 stig og KR með 43 stig. Fram féll með 21 stig sem og Þórsarar með 12 stig.

Í 1. deild karla varð niðurstaðan sú að Leiknir úr Breiðholti vann deildina nokkuð örugglega, en Skagamenn komu næstir og leika liðin í Pepsi-deildinni í ár. Þetta verður í fyrsta sinn sem Leiknir leikur í efstu deild. Tindastóll og KV féllu um deild að þessu sinni.

Bikarinn í Vesturbæinn

KR-ingar náðu í bikar í árinu, þegar þeir unnu 2-1 sigur á Keflvíkum á Laugardalsvelli í úrslitaleik Borgunarbikars karla þar sem bæði

lið áttu sín færi til að gera út um leikinn. Staðan var jöfn, 1-1, í hálfleik en Kjartan Henry Finnbogason skoraði á lokasekúndum leiksins og tryggði KR sigurinn. Bikarkeppnin í ár var spennandi og skemmtileg þar sem mörk óvænt úrslit litu dagsins ljós.

KR-ingar urðu í upphafi árs Meistarar meistaranna eftir 2-0 sigur á Fram, en FH hampaði Lengjubikarnum eftir 4-1 sigur á Blikum.

Gary markahæstur

Gary Martin, KR, skoraði mest í Pepsi-deild karla á árinu, eða 13 mörk, næstur kom Eyjamaðurinn Jonathan Ricardo Glenn með 12 mörk en Ólafur Karl Finsen, Stjörnunni, skoraði 11 mörk.

Í uppgjöri ársins var Ingvar Jónsson, markmaður Stjörnunna, valinn besti leikmaður ársins, en hann átti frábært tímabil í Garðabænum. Elías Már Ómarsson úr Keflavík var valinn efnilegasti leikmaðurinn og bestu stuðningsmennirnir þóttu koma úr Garðabænum. Þjálfari ársins var útnefndur Rúnar Páll Sigmundsson úr Stjörnunni en hann stýrði liðinu langt í Evrópukeppninni og svo varð lið hans Íslandsmeistari.

Kristinn Jakobsson var valinn besti dómari Pepsi-deildar karla, KR-ingar þóttu sýna heiðarlegustu framkomuna og var Óskar Örn Hauksson, leikmaður KR, þar talinn bera af.

Stjörnuskin...

Ljóst er að kvennalið Stjörnunnar tefldi fram besta liðinu á árinu, enda varð liðið bæði Íslands- og bikarmeistari. Stjarnan tapaði aðeins einum leik í Pepsi-deildinni og það var í fyrstu umferð gegn Blikum. Liðið gerði markalaust jafntefli við Val en vann alla aðra leiki sína og stóð að lokum uppi sem Íslandsmeistari með 49 stig. Harpa Þorsteinsdóttir var mögnuð í markaskorun en hún gerði heil 27 mörk á tímabilinu. FH ogÍA fengu það hlutskipti að falla um deild og taka KR og Próttur sæti þeirra, en þau lið léku hvað best á árinu í 1. deildinni. KR vann Próttur í úrslitaleik um sigur í deildinni á Valbjarnarvelli.

Í Borgunarbikarnum mættust Stjarnan og Selfoss í úrslitaleik. Stjarnan leiddi 1-0 í hálfleik á Laugardalsvelli,

en þrjú mörk í seinni hálfleik tryggði liðinu öruggan 4-0 sigur og bikarmeistaratitilinn. Það er gaman að segja frá því að aðsóknarmet var slegið í úrslitaleik kvenna annað árið í röð og sóttu 2.011 manns leikinn.

Stjarnan átti því nánast fullkomið tímabil og landaði þremur titlum, en liðið vann einnig Lengjubikarinn með 3-0 sigri á Breiðabliki í úrslitaleik. Blikar unnu hinsvegar Meistarakeppni KSÍ með 1-0 sigri gegn Stjörnuni.

Markamaskínan Harpa

Harpa Þorsteinsdóttir úr Stjörnuni varð markadrottning ársins með 27 mörk. Næstar komu Fanndís Friðriksdóttir, Breiðabliki, og Shaneka Gordon, ÍBV, með 12 mörk.

Harpa valin besti leikmaðurinn Harpa Þorsteinsdóttir var valinn besti leikmaður Pepsi-deildar kvenna en Guðrún Karitas Sigurðardóttir úrÍA var valin efnilegust. Bestu stuðningsmenn ársins þóttu vera frá Selfossi, Stjarnan fékk viðurkenningu Borgunar fyrir heiðarlegustu framkomuna og Selfyssingurinn Guðmundur Brynjar Ólafsdóttir fékk viðurkenningu fyrir heiðarlegan leik. Þá var Ólafur Þór Guðbjörnsson útnefndur þjálfari ársins en Stjarnan vann nánast allt sem var í boði á árinu.

Bríet besti dómariinn

Bríet Bragadóttir þótti standa sig með eindæmum vel í dómgæslunni og fékk útnefninguna besti dómari ársins í Pepsi-deild kvenna.





EVRÓPUKEPPNIR



Gott ár í Evrópu...

Árið verður líklega lengi í minnum haft fyrir góða frammistöðu íslenskra félagsliða í Evrópukeppnum. FH, Fram, KR, og Stjarnan (karla og kvenna) héldu uppi merkjum Íslands í UEFA-mótunum. Karlalið Stjörnunnar tók í fyrsta sinn þátt í Evrópukeppni og náði þeim frækna árangri að vera fyrsta íslenska félagsliðið til að leggja þrjá mótherja að velli.

KR-ingar fengu öflugna mótherja í Meistaradeild UEFA, en skoska stórveldið Glasgow Celtic var það verkefni sem KR-ingar fengu í 2. umferð undankeppninnar. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hið fornfræga félag Celtic, sem vann Evrópukeppni meistaraliða fyrsta breskra liða árið 1967. Það var því vitað að við rammann reip yrði að draga fyrir Vesturbæinga og sú varð raunin. Fyrri leikurinn var spennandi, en svo fór að Celtic vann 1-0 sigur. Með það í farteskinu eygðu svart-hvít röndóttir draumaferð til Skotlands þar sem þeir gætu í það minnsta staðið uppi í hárinu á græn-hvít röndóttum Celtic-mönnum. Heimamenn sýndu mátt sinn og megin í seinni leiknum og unnu 4-0 og þar með var KR úr leik þetta árið.

Fram lék í 1. umferð í forkeppni Evrópudeildar UEFA. Liðið tapaði 0-1 heima gegn JK Nömmе Kaiju frá Eistlandi og liðin gerðu 2-2 síðan jafntefli ytra. Þátttöku Fram var því lokið í Evrópudeildinni í ár.

FH-ingar komust í 3. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar, en baráttan hófst á heimavelli gegn norðuríriska liðinu Glenavon. FH-ingar voru mun betri á flestum sviðum, unnu fyrri leik liðanna 3-0 og seinni leikinn 3-2 á útivelli. Næst voru það Hvít-Rússarnir í FC Neman Grodno. FH-ingar léku vel og fögnuðu 2-0 sigri á útivelli áður en heim var haldið. Úrslitin

í Krikanum voru þau sömu, 2-0, og FH því komið í þriðju umferð. Næsti mótherji var sænska liðið Elfsborg, sem reyndist of stór biti fyrir Hafnfirðinga. Tap á útivelli, 4-1, gerði leikinn á heimavelli snúinn, en minnstu munaði þó að FH kæmist áfram, enda léku liðsmenn Hafnarfjarðarliðsins skínandi vel og í stöðunni 2-0 nægði FH-ingum eitt mark til að tryggja sig áfram. Hafnfirðingar sóttu stíft og tóku áhættur til að koma sér áfram en sú von dó í uppbótartíma þegar Elfsborg skoraði og var lokastaðan 2-1 fyrir FH, en 3-5 samanlagt Elfsborg í vil.

Stjarnan mætti Inter

Stjörnumenn voru í sannkölluðu stuði í Evrópudeildinni. Liðið hóf baráttu sína gegn Bangor City frá Wales. Í stuttu máli báru Stjörnumenn höfuð og herðar yfir velska kollega sína. Fyrri leiknum lauk með 4-0 sigri Garðbæinga á Stjörnuvelli. Sama var upp á knattspyrnuteningnum í Wales þar sem Stjarnan vann einnig 4-0 sigur og því samanlagt 8-0. Þar sendu Stjörnumenn skýr skilaboð um að liðið ætlaði sér stóra hluti í Evrópukeppninni.

Stjarnan heimsótti næst skoska liðið Motherwell, þar sem boðið var upp á hörkuleik. Ekki litu hlutirnir vel út framan af og Motherwell leiddi 2-0 eftir 19 mínútur. En Stjörnumenn gáfust ekki upp og Ólafur Karl Finsen reyndist hetja Stjörnumanna, skoraði bæði mörk Stjörnunnar í leiknum og jöfnunarmarkið úr víti í uppbótartíma. Stjarnan fór því með góða stöðu heim. Leikurinn á Samsung-vellinum var hreinræktuð skemmtun frá fyrstu mínútu. Eftir venjulegan leiktíma var staðan 2-2, og því þurfti að grípa til framlengingar. Atli Jóhannsson, hinn skeleggi Eyjamaður, skoraði gull af marki á 114. mínútu leiksins

með þrumuskoti utan af velli, en þetta mark tryggði Stjörnunni að lokum 3-2 sigur og áframhaldandi þátttökurétt í Evrópudeildinni. Stjarnan var því komin í umspil um sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar og kæmist Stjarnan í gegnum umspilið þá myndi taka við heilsársfótbolti þar sem liðið myndi keppa við sum af bestu liðum Evrópu. Það voru blendnar tilfinningar þegar dregið var, en ítalska stórlíðið Inter Milan var næsta hraðahindrun Garðbæinga, sem voru búnir að koma ansi mörgum á óvart með frækilegri frammistöðu í keppninni þegar þarna var komið við sögu. Fyrri leikur liðanna fór fram á Laugardalsvelli, enda var gríðarlegur áhugi fyrir leiknum og svo fór að uppselt var á þennan leik þar sem um 10 þúsund manns fylltu stúkur Laugardalsvallar. Stemningin var eftir því en stuðningsklúbburinn Silfurskeiðin hélt uppi frábærri stemningu á leiknum þar sem sungnir voru stuðningssöngvar frá fyrstu mínútu. Það kom þó fljótlega í ljós að hjá Inter leika engir aukvisar og útkoman úr fyrri leiknum var 3-0 sigur Ítalanna. Seinni leikurinn var því alltaf erfitt verkefni, sama hvernig á það er litið, og ítalska liðið vann 6-0 stórsigur á Stjörnumönnum sem sáu á eftir sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar.

Stjörnukonur léku í 32-liða úrslitum Meistaradeildar kvenna og mættu þar rússneska liðinu WFC Zvezda 2005. Rússarnir reyndust sterkari og unnu báða leikina, 5-2 í Garðabænum og 3-1 í Rússlandi.

DÓMARAMÁL



Kristinn lét af störfum...

Íslenskir dómarmar voru eins og oft áður í eldflínunni á árinu, hérlandis sem erlendis. Einn fremsti dómari síðustu ára, Kristinn Jakobsson, dæmdi sinn seinasta leik á árinu, en hann setti flautuna á hilluna eftir langan og farsælan feril í dómaraþúningnum. Nokkur endurnýjun hefur verið í dómaraþéttinni, sér í lagi á meðal kvenna þar sem Bríet Bragadóttir var m.a. valin dómari ársins í Pepsi-deild kvenna og Rúna Kristín Stefánsdóttir lét að sér kveða í alþjóðlegum verkefnum.

Dómaraskipti við önnur lönd

Norræn dómarskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu dómara í alþjóðlegum verkefnum. Íslenskir dómarmar störfuðu við leiki í Noregi og Finnlandi og til Íslands komu dómarmar frá Færeyjum og Finnlandi. Þá komu einnig hingað til lands breskir dómarmar, sem hluti af verkefni knattspyrnusambanda Íslands og Englands um dómarskipti, og störfuðu við nokkra leiki.

Eftirlit með leikjum og störfum dómara 53 eftirlitsmenn störfuðu á leikjum í A deild Lengjubikars karla, landsdeildum og bikarkeppnum árið 2014. Þeir skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómara, auk skýrslna um háttvísi í Pepsi-deild karla. Eyjólfur Ólafsson, Gylfi Þór Orrason, Ingi Jónsson, Pjetur Sigurðsson og Sigurður Hannesson störfuðu sem alþjóðlegir dómaraeftirlitsmenn árið 2014 og komu alls að 20 erlendum verkefnum.

Aðstoðardómari á leik Englands og Úkraínu

Rúna Kristín Stefánsdóttir var aðstoðardómari á leik Englands og Úkraínu í undankeppni HM kvenna 2015, þar sem hún starfaði með sænskum dómara og aðstoðardómara. Þá var Rúna einnig valin sem einn af átta aðstoðardómurum í úrslitakeppni EM U19 kvenna sem fram fór í Noregi síðastliðið sumar. Þetta er mikill heiður

fyrir Rúnu og hvatning fyrir aðra dómara hér á landi.

Sóttu undirbúningsnámskeið fyrir toppdómara UEFA

Kristinn Jakobsson sótti á árinu sérstakt undirbúningsnámskeið UEFA fyrir toppdómara sem dæma alþjóðlega leiki. Á námskeiðinu var sérstök áhersla lögð á undirbúning fyrir undankeppni EM karlalandsliða 2016 og svo riðlakeppni Meistaradeildar UEFA og Evrópudeildar UEFA. Námskeiðið var haldið í Nyon í Sviss, við höfuðstöðvar UEFA.

Þrjú íslenskir dómarmar sóttu "CORE" námskeið sem haldið er á vegum UEFA í Sviss. Um er að ræða verkefni fyrir unga og efnilega dómara, en CORE stendur fyrir "Center of Refereeing Excellence". Þetta voru þeir Ívar Orri Kristjánsson, Bryngeir Valdimarsson og Björn Valdimarsson. Er hér um að ræða áætlun um þjálfun og menntun dómara á aldrinum 25-30 ára.

Kristinn dæmdi sinn seinasta leik í Evrópudeild UEFA

Kristinn Jakobsson dæmdi leik St. Etienne frá Frakklandi og Quarabag frá Aserbaídsjan í Evrópudeild UEFA í lok nóvember, ásamt fimm félögum sínum í sex manna dómarateymi. Þetta var seinasti leikur Kristins

með flautuna, sem hann hefur sett á hilluna eftir langan og farsælan feril í dómargæslunni, sem spannar 21 ár og 277 leiki sem dómari í efstu deild hér á landi.

3. liðið

Á árinu voru frumsýndir þættir á Stöð 2 sport sem báru nafnið 3. liðið. Völdum dómurum var fylgt eftir í leik og starfi hér heima og erlendis og var markmiðið að gefa innsýn inn í dómaraheiminn. Bak við "3ja liðið" voru Egill Arnar Sigurbórsson og félagar hjá Muninn kvikmyndagerð, en Egill er sjálfur fyrrverandi landsdómari. Þetta framtak Munins að reyna að sýna hlutina út frá sjónarhóli dómara var mjög jákvætt fyrir framþróun dómargæslunnar á Íslandi og þessi innsýn gæti aukið skilning knattspyrnuaðdáenda á dómara starfinu.

Fjölskyldutrío dæmdi leik í 4. deild karla

Sá skemmtilegi atburður átti sér stað á Selfossi í ágúst að feðgar dæmdu leik Árborgar og Skínanda í 4. deild karla. Sveinbjörn Másson, sem gegndi starfi aðstoðardómara, er faðir þeirra Karels Fannars og Adams Arnar. Adam Örn var hinn aðstoðardómari í leiknum á meðan Karel Fannar um dómargæsluna. Allir þrjú eru þeir Selfyssingar.



ÁRIÐ SEM LEIÐ



Það helsta frá 2014...

Stjórn KSÍ

68. ársþing KSÍ var haldið í Hofi á Akureyri 15. febrúar 2014. Jóhannes Ólafsson frá Vestmannaeyjum var kosinn í aðalstjórn, en Lúðvík S. Georgsson hætti í stjórn eftir áralanga setu og var honum þakkað sérstaklega fyrir störf sín. Að loknu ársþingi var Lúðvík sæmdur gullmerki KSÍ og heiðurskross Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Við sama tækifæri voru Guðni Kjartansson og Jón Gunnlaugsson sæmdir Heiðurskross KSÍ.

Stjórn KSÍ var þannig skipuð að loknu ársþingi:

Geir Þorsteinsson, formaður
Gylfi Þór Orrason, varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri
Gísli Gíslason, Ritari

Róbert Agnarsson
Jóhannes Ólafsson
Rúnar Arnarson
Vignir Már Þormóðsson

Í varastjórn KSÍ voru kjörnir Jóhann Torfason og Þórarinn Gunnarsson, auk þess sem Ingvar Guðjónsson kom nýr inn.

Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Valdemar Einarsson, Jakob Skúlason fyrir Vesturland, Björn Friðþjófsson fyrir Norðurland og Tómas Þóroddsson fyrir Suðurland.

Stjórn KSÍ hélt 15 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga). Fundargerðir stjórnar má sjá á vef KSÍ (www.ksi.is/um-ksi/fundargerdir-stjornar/).

Starfsfólk KSÍ

Þorlákur Árnason lét af störfum á árinu sem þjálfari U17 liðs karla. Þorlákur stýrði jafnframt hæfileikamótun N1 og KSÍ og í byrjun árs 2015 tók Halldór Björnsson við starfi hans. Halldór hefur fjölbreyttan bakgrunn úr þjálfun, hefur lokið KSÍ-A þjálfara gráðu og markmannsþjálfaragráðu, hefur kennt á þjálfaranámskeiðum KSÍ og var í þjálfarateymi A landsliðs kvenna sem komst í 8 liða úrslit í lokakeppni EM í Svíþjóð 2013. Auk þess hefur Halldór þjálfað á Selfossi í áraraðir, m.a. 2. og 3. flokka karla og kvenna og mfl. kvenna. Þá var hann um tíma í fullu starfi hjá Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi, var í þjálfarateymi mfl. karla há Selfossi þegar liðið lék í Pepsi-deildinni og starfaði síðast sem aðstoðarþjálfari mfl. karla hjá Fylki.

Starfsfólk KSÍ 2014:

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Dagur Sveinn Dagbjartsson, fræðslumál
Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
Gunnar Gylfason, landsliðsmál
Hilmar Þór Guðmundsson, markaðsmál
Jóhann Kristinsson, vallarstjóri
Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
Kristinn V. Jóhannsson, vallarstarfsmaður
Magnús Már Jónsson, dómarastjóri
Margrét Elíasdóttir, ritari
Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstjóri
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri
Þorvaldur Ingimundarson, mótamál
Tímabundnar ráðningar:
Magnús Stefánsson, mótamál
Þorlákur Árnason, hæfileikamótun

Nýr landsliðsbúningur kynntur

Nýr landsliðsbúningur Íslands í knattspyrnu var kynntur til sögunnar með formlegum hætti á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ fyrir undankeppni EM karla 2016. Hönnun búningans er íslensk og er innblásin af íslenska þjóðfánanum. Letrið á treyjunúmerum og nöfnum leikmanna þar sem við á er jafnframt íslenskt (L10), hannað af Guðmundi Inga Úlfarssyni, grafískum hönnuði.

Sala mótismiða gekk vel

Sala mótismiða á undankeppni EM 2016 gekk afar vel og voru um 900 mótismiðar seldir. Mótismiði gildir á alla fimm heimaleiki Íslands í keppninni. Til viðbótar mótismiðum voru um 3.000 miðar til viðbótar seldir í forsólu, m.a. til samstarfsaðila KSÍ, UEFA og gestaliðanna samkvæmt ákvæðum í reglugerð keppinnar. Þannig voru alls tæplega 4 þúsund miðar seldir á hvern einasta leik Íslands í undankeppninni áður en hún hófst í september.



Samningar við samstarfsaðila KSÍ staðfestir

KSÍ framlengdi samninga við alla bakhjarla sína á árinu bætti einum við þá sem fyrir voru. Borgun, Icelandair, Íslensk getspá, Landsbankinn, N1 og Vífilfell verða bakhjarlar KSÍ næstu 4 árin og N1 bættist við þennan góða hóp á árinu. Þessir samningar eru gríðarlega mikils virði fyrir Knattspyrnusambandið.

KSÍ og Icelandair unnu markaðsverðlaun hjá UEFA

Herferðin “Við erum öll í sama liði” sem Icelandair framleiddi í samstarfi við KSÍ hlaut sérstaka viðurkenningu, “Creativity and innovation award”, á verðlaunahátíð sem evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, stóð fyrir. Verðlaunahátíðin er haldin á tveggja ára fresti og eru þar veitt verðlaun og viðurkenningar fyrir markaðsstarf.

Í niðurstöðu dómnefndar segir að auglýsingin sýni gott samstarf á milli Icelandair og KSÍ, en auglýsingin fékk verðlaun í floknum “Sponsor activation”.

Margir komu að þessu verkefni og voru t.a.m. stuðningsmenn Íslands áberandi í auglýsingunni sem og leikmenn landsliðanna og þjálfarar. Það er líka athyglisvert að leikstjóri auglýsingarinnar, Hannes Þór Halldórsson, er markvörður íslenska landsliðsins. Það var framleiðslufyrirtækið Saga Film sem hafði veg og vanda af gerð auglýsingarinnar með Íslensku auglýsingastofunni og markaðsdeild Icelandair. Verðlaunin voru afhent í Cascais í Portúgal og tóku Hilmar Þór Guðmundsson og Ómar Smárason frá KSÍ við verðlaununum.

Saga landsliðs karla komin út á bók

Á árinu kom út bókinn Saga landsliðs karla, eftir Sigmund Ó. Steinarsson. Í bókinni, sem telur rúmar 600 blaðsíður, er rakin saga A-landsliðs karla frá fyrsta leik árið 1946. Fyrstu eintökin af bókinni voru afhent þremur gömlum landsliðshetjum, þeim Ólafi Hannessyni, Hauki Bjarnasyni og Gunnari Gunnarssyni, og blaðamanninum Atla Steinarssyni

í útgáfuhófi í höfuðstöðvum KSÍ. Þessir fjórir herra menn fengu við sama tækifæri afhent gullmerki KSÍ.

Fótboltavinir á Instagram KSÍ og bakhjarlar sambandsins blésu til sóknar á samfélagsmiðlum á árinu. Notendum samfélagsmiðla KSÍ var boðið að senda inn mynd á samfélagsforritið Instagram og merkja myndina með #fotboltavinir. Í lok árs var besta myndin valin og fékk verðlaunahafinn ferð á útileik með íslenska landsliðinu. Framtakið mæltist vel fyrir, og voru yfir 1000 myndir merktar #fotboltavinir og voru myndirnar margar hverjar skemmtilegar og sýndu vel áhugann sem er á fótbolta á Íslandi.

Ísland náði 28. sætinu á styrkleikalista FIFA

Gott gengi A-landsliðs karla kom liðinu alla leið í 28. sæti styrkleikalista FIFA en Ísland hefur aldrei áður náð svo hátt á listanum. Ísland var efst Norðurlandþjóðanna en féll um 5 sæti eftir töp gegn Tékklandi og Belgíu. Liðið var í 33. sæti um áramótin og voru Danir þá eina Norðurlandþjóðin fyrir ofan Íslendinga, þremur sætum ofar.

„Ekki tapa þér“ vakti verðskuldaða athygli

Á árinu setti KSÍ á laggirnar samfélagslega verkefnið „Ekki tapa þér“ sem miðar að því að vekja fólk til umhugsunar um hegðun áhorfenda á knattspyrnuleikjum barna. Ekkitapa.is var í byrjun árs 2015 tilnefndur sem frumlegasti vefur ársins 2014 af Samtökum vefiðnaðarins.

Verkefnið er vandað og metnaðarfullt og verður keyrt að minnsta kosti árin 2014 og 2015 – með auglýsingum í sjónvarpi og gagnvirku efni á vefmiðlum, þar sem hægt verður að upplifa neikvæða hegðun áhorfenda á knattspyrnuleik barna frá ólíkum sjónarhornum. Slagorðið “Ekki tapa þér” vísar til þess að ef þú missir stjórn á þér, tapar sjálfum þér sem áhorfandi á knattspyrnuleik, ef þú hættir að bera virðingu fyrir leiknum og þátttakendum hans, þá taparðu í raun leiknum.

Neikvæð hegðun áhorfenda á knattspyrnuleikjum er nokkuð sem þekktist um allan heim - á öllum þrepum leiksins og í öllum aldursflokkum. KSÍ vill leggja sitt af mörkum til að taka á þessari hegðun og vekja fólk til umhugsunar um hegðun sína, sér í lagi á knattspyrnuleikjum yngri iðkenda. Þessi hegðun er þó ekki bundin við knattspyrnu og þetta verkefni mætti í raun heimfæra upp á hvaða íþróttagrein sem er. Yngstu iðkendurnir, börnin, eru framtíð knattspyrnuíþróttarinnar. Það þarf að sýna börnunum að þau gildi sem eru mikils metin í knattspyrnu eiga líka við utan vallar, ekki síst virðing fyrir leiknum og þátttakendum hans.

Fjölgun iðkenda milli ára

ÍSí tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum. Tölur sem birtar eru í árslok 2014 eru fyrir árið 2013. Sem fyrr eru langflestir iðkendur hjá KSÍ, og fjölga þeim nokkuð milli ára 2012 og 2013. Skráðum iðkendum í knattspyrnu fjölga um 5,30% milli ára og voru iðkendur árið 2013 alls 20.715 talsins. Þetta er fjölgun um 1.043 iðkendur frá árinu 2012 og er fjölgun í öllum aldurshópum.

Geta þarf þess að í tölum ÍSí er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utandeildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsuþótar. Í tölum ÍSí er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra. Næst flestir iðkendur samkvæmt tölum ÍSí voru í golfi (16.879) og hestaiþróttum (11.455), og fimleikar hafa sótt verulega í sig veðri á síðustu árum og fór iðkenda fjöldinn í fyrsta skipti yfir tíu þúsund. Fimleikaiðkendur eru nú 11.248 talsins og hefur þeim fjölgað um meira en 3.000 á síðustu þremur árum. Fimleikar eru sú íþróttagrein sem telur flesta iðkendur meðal kvenna, eða 7.550, en heildarfjöldi kvenna sem iðkar knattspyrnu er 6.534.



Samningamál á svipuðu róli

Árið 2014 voru skráðir 208 leikmannasamningar í Pepsi-deild karla en það eru nákvæmlega jafn margir samningar og árið áður. Heildarfjöldi leikmannasamninga í gildi þann 15. janúar 2015 í Pepsi-deild karla var 288. Skráðum leikmannasamningum í Pepsi-deild kvenna fækkaði úr 130 í 115 og voru 130 leikmannasamningar í gildi þann 15. janúar 2015. Í 1. deild karla fækkaði skráðum samningum úr 154 í 137 milli ára, og voru 156 slíkir samningar í gildi 15. janúar 2015. Í 1. deild kvenna voru 83 leikmannasamningar skráðir á árinu, samanborið við 98 árið á undan. Rétt er að fram komi að fjöldi skráðra samninga innan árs er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi. Félagaskiptum fækkaði milli ára og voru 2.221 félagaskipti afgreidd árið 2014, samanborið við 2.404 árið 2013. Fjöldi félagaskipta hefur þó aukist jafnt og þétt frá árinu 2004 og lætur nærri að á síðastliðnum tíu árum eða svo hafi fjöldi félagaskipta tvöfaldast. Flest félagaskipti á árinu 2014 voru afgreidd í maí, eða 592 talsins. Framkvæmdastjóri KSÍ samþykkti eina undanþágu vegna

markvarða. Nánar má lesa um leikmannasamninga og félagaskipti í skýrslu nefnda.

Barnaspítali Hringsins fékk afhentar 400.000 krónur

Landsliðskonur í knattspyrnu og handknattleik afhentu Barnaspítala Hringsins veglegan styrk, 400.000 krónur sem söfnuðust í góðgerðarleik sem liðin léku milli jóla og nýárs. Keppt var í báðum greinum og vel var mætt á viðburðinn, sem tókst frammar vonum að sögn skipuleggjenda. Forsvarsmenn Barnaspítala Hringsins afhentu landsliðskonum við þetta tækifæri þakkarskjal frá spítalanum og höfðu á orði að peningarnir myndu nýtast vel. Það voru landsliðskonurnar í knattspyrnu, Margrét Lára Viðarsdóttir, Anna María Baldursdóttir, Elín Metta Jensen og Rakel Hönnudóttir og Guðný Jenna Ásmundsdóttir og Hanna Guðrún Stefánsdóttir, landsliðskonur í handknattleik, sem afhentu styrkinn.

KSÍ hlaut Hvataverðlaunin

Á árinu afhenti Íþróttasamband fatlaðra Hvataverðlaunin í annað sinn og komu þau í hlut Knattspyrnusambands

Íslands. Í tilkynningu frá Íþróttasambandi fatlaðra sagði: “Hvataverðlaun ÍF eru veitt einstaklingum, félagasamtökum, stofnun, fyrirtæki eða öðrum aðilum sem á framsækinn hátt hafa unnið í þágu Íþróttastarfs fatlaðra á árinu. Guðlaugur Gunnarsson grasrótar- og útbreiðslustjóri KSÍ og Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri KSÍ tóku við verðlauninum fyrir hönd Knattspyrnusambandsins. Íþróttasamband fatlaðra og Special Olympics á Íslandi hafa átt áralangt farsælt samstarf við KSÍ þar sem markmiðið hefur verið að auka þátttöku fatlaðra í knattspyrnu.

Guðlaugur Gunnarsson hefur verið fulltrúi KSÍ í knattspyrnunefnd ÍF og KSÍ síðustu ár og fulltrúi Íslands á fundum Special Olympics um knattspyrnumál. Guðlaugur hefur sýnt einstakan áhuga á þessu verkefni og þá hefur stuðningur formanns og framkvæmdastjóra KSÍ og annarra sem leitað hefur verið til hjá sambandinu ávallt verið mikill.”

Aðsókn í Pepsi-deild karla 2014

Alls mættu 121.852 áhorfendur á leikina 132 í Pepsi-deild karla á nýliðnu keppnistímabili, sem gerir 923 áhorfendur að meðaltali á hvern leik. Þetta eru nokkuð færri áhorfendur en mættu á leikina árið 2013, en þá voru 1.057 áhorfendur að meðaltali á leikjum Pepsi-deildar.

Flestir mættu að jafnaði á heimaleiki FH eða 1.741 að meðaltali á leik. Næst flestir komu á KR-völlinn eða 1.238 að meðaltali á hvern leik. Aðeins þrjú félag fengu fleiri en 1.000 áhorfendur að meðaltali á leiki sína - FH, KR og Breiðablik. Flestir mættu á útileiki hjá Stjörnunni, 1.415 að meðaltali og næst flestir á útileiki hjá KR eða 1.157 áhorfendur.

Flestir áhorfendur á stökum leik voru á viðureign FH og Stjörunnar í síðustu umferð mótsins, en þann leik sáu 6.450 áhorfendur. Fæstir voru hins vegar á leik Vals og Þórs í 20. umferð, 145 áhorfendur. Besta aðsóknin var á leiki í lokaumferðinni þegar 8.751 áhorfandi mætti á leikina sex, en fæstir mættu á leiki 20. umferðar, 3.452 áhorfendur.

Ásgeir Sigurvinsson í heiðurshöll ÍSí Ásgeir Sigurvinsson er einn besti knattspyrnumaður Íslands frá upphafi. Hann átti glæsilegan feril og gerði garðinn frægan með ÍBV, Standard Liege, Bayern München

og Stuttgart, og svo auðvitað íslenska landsliðinu, var kjörinn Íþróttamaður ársins á Íslandi árin 1974 og 1984, og var að auki kjörinn besti knattspyrnumaður Vestur-Pýskalands árið 1984. Ásgeir var tekinn í Heiðurshöll ÍSí á árinu og var tilkynnt um það við sama tækifæri og Íþróttamaður ársins 2014 var kynntur.

KSÍ umboðsmenn

KSÍ umboðsmenn voru Arnór Guðjohnsen, Grétar Rafn Steinsson, Guðlaugur Þór Tómasson, Gylfi Sigurðsson, Hafþór Hafliðason, Halldór Birgir Bergþórsson, Ólafur Garðarsson og Tanja Tómasdóttir. Þann 1. apríl, 2015 tekur í gildi nýtt fyrirkomulag og munu þá milliliðir taka yfir starf umboðsmanna.

Þjálfaramenntun

KSÍ býður upp á tvær þjálfaragráður, KSÍ B og KSÍ A. Þessar gráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. Alls hafa 587 þjálfarar lokið við KSÍ B gráðuna, 184 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar og 10 þjálfarar hafa lokið við UEFA Pro gráðu. Rúnar Kristinsson útskrifaðist með Pro gráðuna í sumar og Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri KSÍ mun sitja námið 2015-2016. Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára

fresti og býður KSÍ reglulega upp á endurmenntunarnámskeið.

Hæfileikamótun KSÍ og N1 Hæfileikamótun KSÍ og N1 er stórt verkefni sem hófst á árinu sem leið, og var í umsjón Þorláks Árnasonar. Þorlákur fór í á þriðja tug heimsókna vítt og breitt um landið, fundaði með fulltrúum félaga, hélt fyrirlestra fyrir iðkendur og stjórnaði æfingum. Alls tóku 425 leikmenn þátt í æfingunum - strákar og stelpur á aldrinum 13-14 ára. Halldór Björnsson hefur nú tekið við keflinu af Þorláki og mun sjá um verkefnið á árinu 2015. Helstu markmið hæfileikamótunar KSÍ og N1: Fjölga þeim leikmönnum sem fylgst er með.

- Fylgjast með yngri leikmönnum en áður og undirbúa þá fyrir hefðbundnar landsliðsæfingar.
- Koma til móts við minni staði á landsbyggðinni og mæta þeirra þörfum.
- Koma til móts við leikmenn stærri félaga á höfuðborgarsvæðinu sem að öllu jöfnu væru ekki valdir á landsliðsæfingar.
- Bæta samskipti við aðildarfélögin og kynna fyrir þeim stefnu KSÍ í landsliðsmálum.
- Undirbúa leikmenn enn betur til þess að mæta á landsliðsæfingar seinna með fræðslu.

Ofinn af elju
innblásinn dugnaði
sveipaður tryggð og tárur
fegraður fánalitum
fylltur stolti
– sniðinn að okkur öllum.



Glæsileg stúka risin við Fylkissvöll

Mannvirkjamál eru almennt í góðum farvegi hjá liðum á Íslandi. Það bar helst á árinu að Fylkismenn byggðu nýja og glæsilega stúku á Árbæjarvelli, og með breytingunum var stigið stórt skref að betri aðstöðu fyrir áhorfendur og fjölmiðla. Þá var kláruð vinna við þak yfir aðalstúku við Hásteinsvöll í Vestmannaeyjum. BÍ/Bolungarvík, ÍA, Fjölnir, Afturelding, Huginn og Próttur V. fengu styrki úr mannvirkjasjóði KSÍ til framkvæmda við vallarsvæði og Landbúnaðarháskólinn fékk styrk vegna rannsóknar á upphitun grasvalla.

126 beinar útsendingar

Alls var sýnt beint frá 126 leikjum í mótum ársins 2014, sem er gríðarleg aukning milli ára (76 leikir 2013). Aldrei fyrr hefur knattspyrnuáhugafólki gefist kostur á að sjá jafn marga innlenda leiki í beinni útsendingu sjónvarps og/eða vefsjónvarps.

Beinum útsendingum frá Pepsi-deild karla á Stöð 2 Sport fjölgaði milli ára og hafa ekki verið fleiri, eða 29, síðan 2010. Alls var sýnt beint frá 24 leikjum Pepsi-deildar kvenna á vefsíðunni Sport TV og hafa útsendingar frá leikjum deildarinnar aldrei verið fleiri. Þá sýndi Sport TV beint frá 27 leikjum í 1. deild karla, einum leik í úrslitakeppni 4. deildar karla og einum leik í úrslitakeppni 1. deildar kvenna. Rétt er að geta þess jafnframt að 39 leikir í vor- og vetrarmótum (Lengjubíkar, Reykjavíkurmóti og Íslandsmóti innanhúss) voru í beinni útsendingu á Sport TV.

Efsta deild karla

Ár	Beinar úts.
2014	29
2013	26
2012	25
2011	25
2010	32
2009	32
2008	40
2007	31
2006	30
2005	29

2004	19
2003	18

Efsta deild kvenna

Ár	Beinar úts.
2014	24
2013	18
2012	17
2011	23
2010	0
2009	0
2008	2
2007	1
2006	3

1. deild karla

Ár	Beinar úts.
2014	27
2013	19
2012	22
2011	0
2010	5

Stöð 2 Sport sýndi beint frá alls 6 leikjum í Borgunarbíkar karla, jafn mörgum og árin fjögur þar á undan. Einn leikur var sýndur frá 32-liða, 16-liða og 8-liða úrslitum, báðir undanúrslitaleikirnir og svo auðvitað sjálfur úrslitaleikurinn. Sport TV sýndi beint frá einum leik í 8-liða úrslitum Borgunarbíkar kvenna og sýndi einnig báða undanúrslitaleikina. Úrslitaleikurinn var svo í beinni sjónvarpsútsendingu á Stöð 2 sport.

Umhverfi beinna útsendinga frá leikjum hefur breyst mjög á síðustu árum og mun algengara er orðið að leikir séu sýndir í beinni vefútsendingu. Með auknum myndgæðum og nethraða nýta sífellt fleiri sér þennan möguleika. Fjöldi beinna útsendinga frá vor- og vetrarmótum sýnir þessa þróun vel, þar sem árið 2014 voru 39 leikir sýndir beint á Sport TV, samanborið við aðeins 6 leiki árið 2013. Þess má einnig geta að sum félög hafa komið sér upp sínu eigin vefsjónvarpi og sýna þar m.a. beint frá leikjum sinna félaga (þær útsendingar eru ekki taldar upp hér að ofan).

Þrjú mörk í leik

Í Pepsi-deild karla síðastliðið sumar voru skorud 398 mörk í leikjunum 132, eða 3,0 að meðaltali í leik, og

fer meðaltalið því lítið eitt niður á við þriðja árið í röð.

Meðaltal marka í efstu deild karla

Ár	Meðaltal
2014	3,0
2013	3,1
2012	3,2
2011	3,0
2010	3,3
2009	3,4
2008	3,1

Mörkunum fækkaði enn í Pepsi-deild kvenna. Í leikjunum 90 voru skorud 318 mörk, sem gera 3,5 að meðaltali í hverjum leik, samanborið við 345 árið 2013.

Meðaltal marka í efstu deild kvenna

Ár	Meðaltal
2014	3,5
2013	3,8
2012	4,1
2011	3,6
2010	3,9
2009	4,1
2008	4,5

239 erlendir leikmenn

Erlendum leikmönnum hér á landi fjölgaði verulega milli árana 2012 og 2013, eins og meðfylgjandi töflur sýna glögg. Eftir mikla fækkun í kjölfar bankahrunsins tók fjöldinn kipp upp á við árið 2011 og náði nýjum hæðum keppnistímabilið 2013, en aldrei höfðu jafn margir leikmenn með erlent ríkisfang verið á mála hjá íslenskum félögum, eða 262 talsins (207 karlar, 55 konur) sem komu við sögu í deildarkeppni Íslandsmóts meistaraflokka karla og kvenna. Fjölgun þáttökuliða í deildarkeppni karla skýrði mögulega að einhverju leyti þessa fjölgun þar sem heildarfjöldi þáttökuliða jókst um fjögur milli ára. Árið 2014 minnkaði heildarfjöldinn nokkuð og fór í 239 leikmenn (196 karlar, 43 konur), en er þó enn vel yfir fjöldanum árin á undan 2013. Í töflunni hér að neðan má sjá þróunina síðustu ár.

Ár	Fjöldi
2014	239
2013	262
2012	227
2011	222
2010	165
2009	150
2008	215
2007	188
2006	166
2005	148
2004	102
----	----
1998	65

Tafla: Hér eru ekki taldir leikmenn af erlendum uppruna sem fengið hafa íslenskt ríkisfang.

Í Pepsi-deild karla er nokkur fækkun (16 leikmenn) milli ára og gengur fjölgunin 2013 alfarið til baka. Einnig er fækkun í 1. deild karla og 3. deild, en umtalsverð fjölgun í 2. deild. Fjölgun í 4. deild karla skýrist að hluta til af fjölgun þátttökuliða. Af 56 erlendum leikmönnum alls í 4. deild karla er meirihlutinn á mála hjá tveimur félögum - Afríku (19) og Stál-úlf (15) - þar sem meginþorri leikmanna er af erlendum uppruna. Erlendum leikmönnum fækkar í báðum kvennadeildum, þ.e. Pepsi-deild og 1. deild og er heildarfækkun erlendra leikmanna 12 milli ára.

Deild	2014	2013	2012
PD karla	48	64	48
1. deild karla	43	48	41
2. deild karla	32	17	28

3. deild karla*	17	28	--
4. deild karla*	56	50	70
PD kvenna	24	28	29
1. deild kv.	19	27	11

Tafla: Leikmenn sem hafa skipt milli íslenskra félaga á árinu teljast í þeirri deild sem þeir léku síðast í.

* Árið 2013 bættist við ein landsdeild karla (3. deild) og neðsta deild varð 4. deild. Samanburðurinn hér að ofan er því gerður m.v. að neðsta deild sé 4. deild og að 3. deild hafi komið ný inn.

Erlendir leikmenn komu við sögu hjá 36 af 46 félögum í landsdeildum karla, sem er fjölgun um eitt frá fyrra ári.

Af Pepsi-deildarliðum karla komu flestir erlendir leikmenn við sögu hjá Val, 8 talsins, en einn þeirra hafði félagaskipti í Víking Ól. á keppnistímabilinu. Sjö erlendir leikmenn komu við sögu hjá Víkingi R., sex hjá ÍBV og Stjórnunni og fimm hjá FH. Eina Pepsi-deildarfélag karla sem tefldi ekki fram neinum erlendum leikmanni var Fram.

Í 1. deild karla var BÍ/Bolungarvík með 11 erlenda leikmenn (9 árið áður) og þar á eftir kom Víkingur Ól., sem tefldi fram tíu leikmönnum með erlent ríkisfang. Af öðrum félögum í deildinni tefldu tvö félög ekki fram erlendum leikmönnum – Haukar og HK. Árið 2013 voru aðeins fjögur félög í 2. deild karla með erlenda

leikmenn, en árið 2014 komu erlendir leikmenn við sögu hjá 9 af 12 félögum deildarinnar. Huginn var með sjö erlenda leikmenn, Ægir með sex og næst komu KF, Sindri og Fjarðabyggð. Af 10 félögum í 3. deild karla voru 6 með erlenda leikmenn í sínum röðum. Flestir voru á Grundarfirði (6), og næst flestir hjá Hamri (4) og Leikni F. (4). Af þeim 29 félögum sem léku í 4. deild karla voru 12 félög önnur en Afríka og Stál-úlfur með erlenda leikmenn, flest með einn erlendan leikmann.

Í Pepsi-deild kvenna tefldu Breiðablik og Valur ekki fram neinum erlendum leikmanni, og er það fjórða árið í röð hjá Blikum. ÍBV var með flesta erlenda leikmenn í sínum röðum (5), næst kom ÍA (4). Í 1. deild kvenna voru átta félög af 18 ekki með neina erlenda leikmenn. Víkingur Ólafsvík var þar með flesta, eða þrjá. Sex félög voru með tvo erlenda leikmenn.

Rúmlega 90 á mála hjá erlendum félögum

Rúmlega 90 íslenskir knattspyrnumenn eru á mála hjá erlendum félögum. Hér eru taldir leikmenn í meistaraflokki (karlar og konur) og svo leikmenn sem eru í unglíng- og varaliðum. Karlarnir eru 60 talsins og skiptast á heil 11 lönd. Bróðurparturinn leikur þó á Norðurlöndunum, eða 41 leikmaður – 16 í Noregi, 12 í Svíþjóð





og 13 í Danmörku. Önnur lönd eru Bandaríkin (1 leikmaður), Belgía (1), Bretland (7), Holland (4), Ítalía (3), Rússland (2) og Spánn (1).

Flestar konurnar leika í Svíþjóð og Noregi, eða 11 af 14. Sjö leika í Svíþjóð og fjórar í Noregi, en síðan í Belgíu, Englandi og Írlandi – ein í hverju landi.

Leikmenn í unglunga- og varaliðum (fæddir 1996 og síðar) eru 17 talsins (16 karlar og ein kona) og skiptast þeir á fimm lönd. Flestir leikmennirnir eru á Englandi, eða 5 (þar af 4 hjá sama félaginu). Í Danmörku og Hollandi leika fjórir í hvoru landi, þrjú í Svíþjóð og einn í Noregi.

Tölfræðin miðast við 1. janúar 2014. Leikmenn eru taldir upp í því landi sem þeir leika hverju sinni, þ.e. leikmaður sem er í láni hjá dönsku félagi telst til þess lands.

Fjöltnir og Valur Íslandsmeistarar í Futsal

Fjöltnir og Valur tryggðu sér fyrstu Íslandsmeistaratitla ársins með sigri í Íslandsmótinu í innanhúsknattspyrnu - Futsal. Úrslitaleikirnir voru báðir jafnir og spennandi. Fjöltnir lagði Fylki með átta mörkum gegn sex í karlaflokki, en í kvennaflokki hafði Valur betur gegn Álftanesi með fjórum mörkum gegn þremur.

Gylfi og Harpa knattspyrnufolk ársins 2014

Leikmannaval KSÍ valdi Gylfa Þór Sigurðsson og Hörpu Þorsteinsdóttur knattspyrnufolk ársins 2014. Þetta var í 11. skiptið sem að knattspyrnufolk ársins er sérstaklega útnefnt af KSÍ. Að valinu koma fjölmargir aðilar í knattspyrnuhreyfingunni, m.a. fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn.

Knattspyrnumaður ársins

Gylfi Þór Sigurðsson var sem fyrr einn lykilmanna íslenska landsliðsins í knattspyrnu sem hefur byrjað undankeppni EM frábærlega. Gylfi

lék 6 landsleiki á árinu og skoraði í þeim fjögur mörk, en öll mörkin voru í undankeppni EM. Hann skoraði gegn Tyrkjum hér á Laugardalsvelli, gegn Lettum ytra og loks tvö mörk í glæstum sigri gegn Hollandi í Laugardalnum. Hann hefur nú leikið 28 landsleiki og skorað í þeim 9 mörk. Gylfi lék með Tottenham í ensku úrvalsdeildinni til vors, en var seldur til Swansea um sumarið sumar og gegnir þar lykilhlutverki.

Knattspyrnukona ársins

Harpa Þorsteinsdóttir átti frábært keppnistímabil, líkt og árið á undan. Hún var í fararbroddi Stjörnustúlkna sem vörðu Íslandsmeistaratitilinn með glæsibrag og bættu um betur og urðu einnig bikarmeistarar eftir sigur á Selfossi í úrslitaleik. Harpa varð markahæst í Pepsi-deild kvenna og skoraði 27 mörk í 18 leikjum. Hún gerði svo einnig fjögur mörk í bikarkeppninni. Harpa var einn fjögurra leikmanna sem lék í öllum 12 landsleikjum Íslands á árinu og varð markahæst ásamt Dagnýju Brynjarsdóttur með 7 mörk.

LEYFISKERFI



Mikilvægt að treysta böndin

KSÍ stóð fyrir sérstökum vinnufundi um málefni stuðningsmanna í höfuðstöðvum sambandsins í apríl. Á fundinum var fjallað um hlutverk og mikilvægi tengiliðs félags við stuðningsmenn og mikilvægi þess að treysta böndin milli knattspyrnufélaga og stuðningsmanna. Hversu mikilvæg eru þessi tengsl? Hvað geta þau gefið félaginu og stuðningsmönnum?

Stjórnandi fundarins var Stuart Dykes, sem hefur unnið mikið starf fyrir samtökin Supporters Direct, sem eru í nánú samstarfi við UEFA og mörg knattspyrnusambönd og félagslið í Evrópu. Stuart er Englendingur, en starfar m.a. fyrir Schalke í Þýskalandi, þar sem hann hefur búið um árabil. Ómar Smárason, leyfis- og markaðsstjóri KSÍ, hóf fundinn með stuttu erindi um markmið fundarins. Þá kynnti Styrmir Gíslason, sem er sérstakur tengiliður KSÍ við stuðningsmenn landsliða, starf sitt í tengslum við landsleiki innanlands sem utan.

Meginviðfangsefni fundarins var hlutverk og tilgangur Tengiliðs við stuðningsmenn (SLO – Supporter Liaison Officer). Félög í Pepsi-deild karla tilnefna þennan tengilið samkvæmt kröfum leyfiskerfis KSÍ, og er meginhlutverk hans að vera tengill milli knattspyrnufélagsins og stuðningsmanna.

Fundurinn var vel sóttur og góðar og gagnlegar umræður áttu sér stað, þar sem menn skiptust á hugmyndum, þekkingu og reynslu, og ræddu ýmis atriði tengd stuðningsmönnum, samstarfi þeirra við félög, og ekki síst samstarfi á milli stuðningsmannahópa félagsliða.

Leyfisferlið fyrir keppnistímabilið 2014

Leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2014 lauk í apríl með staðfestingu ákvarðana leyfisráðs varðandi leyfisumsóknir félaga í Pepsi-deild karla og 1. deild karla. Leyfisráð samþykkti þátttökuleyfi 2014 til handa öllum umsækjendum í Pepsi-deild og 1. deild, þ.e. 24 félögum. Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfisreglugerð KSÍ. Í reglugerðinni

er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst í fjármálum. Kröfurnar sem gerðar eru til félaga í 1. deild eru að grunni til þær sömu, en í sumum ákvæðum lægri en í Pepsideild. Félög sem undirgangast leyfiskerfið í fyrsta sinn fá eins árs aðlögunartíma.

Með leyfisumsókn félaga í báðum deildum þurftu að fylgja staðfestingar á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn, eða vegna félagaskipta. Eitt félag sótti um aðlögun að ýmsum þáttum leyfiskerfisins þar sem félagið undirgekkst kerfið í fyrsta sinn, og var sú aðlögun veitt.

Nokkur félög sóttu um frest til aðlögunar vegna mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur, og var sá frestur veittur með sérstakri samþykkt stjórnar gegn því að strax yrðu stigin ákveðin skref í því að bæta aðstöðuna og að lögð væri fram áætlun um framkvæmdir og staðfesting á því að framkvæmdum yrði lokið innan setts tímaramma.

Við leyfisveitingu var umsóknum sex félaga vísað til aga- og úrskurðarnefndar þar sem þau uppfylltu ekki svokallaðar B-greinar, sem leiða ekki til synjunar á þátttökuleyfi séu þær ekki uppfylltar, heldur til viðurlaga sem ákveðin eru af aga og úrskurðarnefnd. Eitt félag sætti viðurlögum þar sem grein um menntun þjálfara yngri flokka var ekki uppfyllt, fjögur sættu viðurlögum þar sem fulltrúar þeirra höfðu ekki sótt viðeigandi fræðslu um knattspyrnulögin, breytingar á þeim milli ára og um áhersluatriði dómaranefndar, og eitt félag uppfyllti ekki grein um endurráðningu á leyfistímabilinu, þ.e. að þjálfari sem var ráðinn í stað annars uppfyllti ekki sett skilyrði um menntun. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fjallaði um mál félaganna á fundi í apríl og veitti þeim

öllum viðvörðun þar sem um fyrsta brot var að ræða. Þá var þeim tilmælum beint til nokkurra félaga að fylgjast með endurmenntun þjálfara sinna vegna útrunninna skírteina og enn öðrum bent á að fylgjast með því að menntun aðstoðarþjálfara yngstu flokka uppfylli settar kröfur.

Viðmiðunarreglur um fjárhagsstöðu

Í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2014 tóku gildi viðmiðunarreglur um fjárhagsstöðu þeirra félaga sem undirgangast kerfið. Annars vegar er um að ræða reglur um eiginfjárstöðu og hins vegar um skuldabyrði. Segja má að þessar viðmiðunarreglur gjörbreyti í raun þeim fjárhagslegu kröfum sem gerðar eru til þeirra félaga sem undirgangast leyfiskerfið. Öll félögin 24 sem undirgengust leyfiskerfið fyrir keppnistímabilið 2014 stóðust kröfu um hámarksskuldabyrði, en níu félög þurftu hins vegar að skila gögnum um haustið, þar sem þau stóðust ekki kröfu um jákvæða eiginfjárstöðu.

Jákvæð eiginfjárstaða Krafa er gerð um jákvæða eiginfjárstöðu. Grunnreglan er sú að félag sem er með / lendir í neikvæðri eiginfjárstöðu fær tvö ár til að bæta úr því. Aukaaðlögun í byrjun: Leyfisumsækjandi með verulega neikvæða eiginfjárstöðu (meira en 10% af knattspyrnulegum rekstrartekjum) getur fengið tveggja ára auka aðlögun að forsendunni, en þarf að sýna fram á bættu stöðu eftir tvö ár (lækkun um 40%) til að fá það. Gildir til loka leyfisárs 2017.

Hámarksskuldabyrði

Heildarskuldir og skuldbindingar mega ekki vera hærri en 50% af meðaltali af knattspyrnulegum rekstrartekjum yfir 3 undangengin ár. Grunnreglan er sú að félag sem fer yfir hámarksskuldabyrði fær tvö ár til að bæta úr því. Aukaaðlögun í byrjun: Leyfisumsækjandi með skuldabyrði sem er meira en 60% í upphafi, getur fengið tveggja ára aukaaðlögun að forsendunni, en þarf a.m.k að halda í horfinu fyrstu tvö árin til að fá það. Gildir til loka leyfisárs 2017.

FJÁRMÁL



Rekstur í jafnvægi...

Þessi kafli fjallar í samanteknu máli um heildar fjármagn sem fer til íslenskra félaga í gegnum KSÍ og UEFA. Þegar þær greinar sem koma hér á eftir eru teknar saman kemur í ljós að um 460 milljónir króna renna til aðildarfélaganna KSÍ. Í þessari tölu er þó t.a.m. ekki tekið tillit til yfirtöku KSÍ á kostnaði félaga við ferðir og upphald dómara.

82 milljónir til barna- og unglíngastarfs

Hluti þeirra tekna sem UEFA hafði af Meistaradeildinni keppnistímabilið 2013/2014 rann til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna- og unglínga, samkvæmt ákvörðun UEFA sem tilkynnt var um í október. Uppgjör vegna Meistaradeildarinnar sem lauk vorið 2014 fór fram um haustið og fengu íslensk félög um 43 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglíngastarfs. UEFA setti eftirfarandi skilyrði fyrir greiðslu sinni:

- 1) Greiðslan færi í gegnum viðkomandi knattspyrnusambands.
- 2) Aðeins félög sem léku í efstu deild og uppfylltu lágmarkskröfur leyfiskerfis viðkomandi knattspyrnusambands varðandi barna- og unglíngastarf gætu fengið greiðslu.
- 3) Fjárhæðin skiptist á milli félaganna samkvæmt ákvörðun stjórnar viðkomandi knattspyrnusambands.
- 4) Félög sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA 2013/2014 skyldu ekki fá hlutdeild í þessari greiðslu.

Í samræmi við ofangreind skilyrði staðfesti stjórn KSÍ að framlag UEFA rynni til þeirra félaga sem léku í Pepsi-deild karla árið 2014, en í þeirri deild hefur KSÍ innleitt leyfiskerfi (m.a. kröfur um samþykkt áætlun um uppeldisstarf).

Stjórn KSÍ samþykkti jafnframt að leggja til um 40 milljónir króna

til viðbótar sem skiptist á milli aðildarfélaganna í öðrum deildum og utan deilda, en skipting á framlagi til barna- og unglíngastarfs var þá með þeim hætti að félög úr Pepsi-deild fengu kr. 3.575.000 (sem er fyrrgreitt framlag UEFA), félög úr 1. deild fengu kr. 1.600.000, félög í 2. deild karla fengu kr. 1.100.000 hvert, önnur félög í deildarkeppni kr. 800.000 og félög utan deildarkeppni kr. 250.000. Úthlutun var háð því að félög hafi haldið úti starfsemi í yngri flokkum og urðu félög utan deildarkeppni og félög sem ekki héldu úti starfsemi hjá báðum kynjum að sækja sérstaklega um framlag. Samþykkt stjórnar KSÍ byggði á samráði við aðildarfélögin og almennri sátt um skiptingu fjármunanna.

Greiðslan til félaganna var skilyrt þannig að hún skyldi renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglínga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna. Samtals var því framlag til barna- og unglíngastarfs fyrir árið 2014 um 83 milljónir króna.

Um 237 milljónir vegna þátttöku í UEFA-keppnum

Þau íslensku félög sem tóku þátt í UEFA-keppnum 2014 fengu í sinn hlut samtals um 237 milljónir króna. KR fékk um 56 milljónir (375.000 evrur) fyrir Íslandsmeistaratitilinn og þátttöku í forkeppni Meistaradeildar Evrópu (UEFA Champions League). Stjarnan fékk um 81 milljónir (540.000 evrur) fyrir þátttöku í umspili um sæti í Evrópudeildinni (UEFA Europa League), FH fékk um 59 milljónir (390.000 evrur) fyrir þátttöku í forkeppni Evrópudeildarinnar og Fram fékk um 18 milljónir (120.000 evrur) fyrir þátttöku í sömu keppni. Kvennalið Stjórnunnar fékk svo um 4 milljónir króna (27.500 evrur) vegna þátttöku í 32 liða úrslitum UEFA Meistaradeildar kvenna (UEFA Women's Champions League).

Auk þessa fengu sem tóku þátt í Evrópukeppni 2013 framlög vegna sekta UEFA á þau félög í Evrópu sem ekki stóðust kröfur um fjárhagslega háttvísi skv. reglum þar um. Breiðablik, FH, ÍBV og KR fengu í sinn hlut um 4,7 milljónir króna hvert félag eða samtals 19 milljónir króna.

Framlag UEFA 656 milljónir

Hér að framan hefur verið greitt frá framlögum UEFA til íslenskra félagsliða, en þau námu alls um 280 milljónum króna. Þá er ótalið framlag UEFA til KSÍ að upphæð 376 milljónir króna. Þetta gerir því alls um 656 milljónir króna, sem sýnir hversu öflugur stuðningur UEFA er við aðildarsambönd sín.

120 milljónir fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi

Félög í Pepsi-deild og Borgunarbikar fengu greiðslur fyrir sjónvarpsréttindi samtals að upphæð um 120 milljónir króna. KSÍ greiddi um 75 milljónir króna af þeirri upphæð en meginhlutinn, um 100 milljónir var vegna Pepsi-deilda en um 20 milljónir vegna Borgunarbikars. Innifalið í þessum tölum er verðlaunafé samkvæmt töflunni hér að aftan.

Pepsi-deild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	Stjarnan	1.000.000
2	FH	700.000
3	KR	500.000
4	Víkingur R.	300.000
5	Valur	300.000
6	Fylkir	300.000
7	Breiðablik	300.000
8	Keflavík	300.000
9	Fjölnir	200.000
10	ÍBV	200.000
11	Fram	200.000
12	Þór	200.000
		4.500.000

Borgunarbikar karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	KR	1.000.000
2	Keflavík	500.000
3-4	ÍBV	300.000
3-4	Víkingur R.	300.000
5-8	BÍ/Bolungarvík	200.000
5-8	Breiðablik	200.000
5-8	Fram	200.000
5-8	Próttur R.	200.000
9-16	Fjölur	137.500
9-16	Fylkir	137.500
9-16	Hamar	137.500
9-16	ÍR	137.500
9-16	KV	137.500
9-16	Stjarnan	137.500
9-16	Valur	137.500
9-16	Þór	137.500
		4.000.000

Pepsi-deild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Stjarnan	1.000.000
2	Breiðablik	700.000
3	Þór/KA	500.000
4	Selfoss	300.000
5	Fylkir	300.000
6	ÍBV	300.000
7	Valur	300.000
8	Afturelding	300.000
9	FH	200.000
10	ÍA	200.000
		4.100.000

Borgunarbikar kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Stjarnan	1.000.000
2	Selfoss	500.000
3-4	Breiðablik	300.000
3-4	Fylkir	300.000
		2.100.000

Styrkir vegna endurskoðunar ársreikninga 22,2 milljónir

Stjórn KSÍ ákvað eins og fyrri ár að greiða öllum 24 félögunum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið 2014 styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Samkvæmt samkomulagi við ÍTF hækkaði styrkurinn til Pepsi-deildarfélaganna milli árána 2013 og 2014 og fyrir keppnistímabilið 2014 hlaut hvert félag í Pepsi-deild styrk að upphæð kr. 1.100.000. Styrkur til félaga í 1. deild var kr. 750.000 fyrir keppnistímabilið 2014. Fjárhæðinni er fyrst og fremst ætlað að standa

undir þeim kostnaði sem félögin verða fyrir vegna endurskoðunar og gerðar ársreikninga félaganna. Heildarupphæð þessara styrkja var því kr. 22.200.000 vegna leyfisumsókna fyrir keppnistímabilið 2014.

Útgjöld vegna dómgæslu aftur yfir 100 milljónir

Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu á árinu 2014 var alls 103 milljónir króna og hélst sú tala óbreytt frá fyrra ári. Þessi kostnaður fór í fyrsta sinn yfir hundrað milljónir á árinu 2013 og hafði þá hækkað um 13 milljónir króna á tveimur árum. Til samanburðar má nefna að árið 2008 var þessi tala tæpar 50 milljónir króna og þar af greiddu félögin tæpar 13 milljónir vegna ferða og upphalds dómara. Kostnaður vegna dómgæslu hefur því vaxið mikið á síðustu árum. Stærsti liðurinn í þessum útgjöldum var launakostnaður dómara, alls um 46 milljónir króna.

Eins og fyrri ár ákvað stjórn KSÍ að sambandi myndi taka yfir ferða- og upphaldskostnað dómara fyrir árið 2014 í öllum deildum beggja kynja og í leikjum Borgunarbikarsins. Þar með var ljóst að niður féllu öll gjöld í jöfnunarsjóði sem gerð er krafa um í þátttökutilkynningum meistaraflokks, sem og allar slíkar greiðslur til dómara af hálfu aðildarfélaganna á vettvangi í þeim keppnum þar sem það fyrirkomulag hefur verið viðhaft. Við þetta tók KSÍ yfir kostnað félaganna sem var um 58 milljónir króna.


Rekstur KSÍ í samræmi við áætlun

Rekstur KSÍ á árinu 2014 er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun frá ársþingi. Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2014 námu 1.067 milljónum króna samanborið við 972 milljónir króna árið á undan. Hækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af auknu framlagi frá FIFA og auknum sjónvarpstekjum. Rekstrarkostnaður KSÍ var um 910 milljónir króna og lækkar frá fyrra ári um 18 milljónir króna.

Rekstrarhagnaður ársins nam 157 milljónum króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir 136 milljóna króna hagnaði. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður af starfsemi KSÍ 161 milljónir króna.

Styrkir og framlög til aðildarfélaganna á árinu námu 150 milljónum króna vegna sjónvarps- og markaðsréttinda, styrkja til barna- og unglingastarfs, leyfiskerfis og fleira og er í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaganna er því hagnaður af rekstri KSÍ um 11 milljónir króna á árinu 2014.

Fjárhags- og eignastaða KSÍ er traust við áramót og lausafjárstaða góð. Handbært fé lækkar á milli ára og var í árslok 2014 um 211 milljónir króna. Eignir námu 639 milljónum króna. Eigið fé KSÍ var ríflega 211 milljónir króna í árslok.



Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur samstæðu

2014

Knattspyrnusamband Íslands
Laugardalsvelli
104 Reykjavík
kt. 700169-3679

Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur samstæðu

2014

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna	2
Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-12
Sundurliðanir	13

Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna

Til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Knattspyrnusambands Íslands fyrir árið 2014. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og sundurliðanir.

Ábyrgð stjórnenda og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit


Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 6. febrúar 2015

Deloitte ehf.



Björn Ingi Victorsson
endurskoðandi



Birna María Sigurðardóttir
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn Knattspyrnusambands Íslands



Haukur Gunnarsson



Dýri Guðmundsson

Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra

Knattspyrnusamband Íslands eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum innan Íþróttasambands Íslands.

Hagnaður Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2014 nam tæpum 10,9 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir um 638,5 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er um 211,1 m.kr.

Að álitum stjórnenda og framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Formaður, gjaldkeri, og framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands staðfesta hér með samstæðuársreikning sambandsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. febrúar 2015

Stjórnendur og framkvæmdastjóri



Geir Þorsteinsson
formaður



Guðrún Inga Sívertsen
gjaldkeri



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	Raun 2014	Áætlun 2014	Raun 2013
Styrkir og framlög		537.435.720	524.500.000	540.500.821
Tekjur af landsleikjum		40.686.308	40.000.000	53.736.280
Sjónvarpsréttur		392.563.275	380.000.000	304.735.026
Aðrar tekjur		39.231.703	38.500.000	39.229.215
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	12	56.623.962	50.800.000	33.331.303
		<u>1.066.540.968</u>	<u>1.033.800.000</u>	<u>971.532.645</u>
Kostnaður við landslið		(420.505.591)	(409.650.000)	(445.114.482)
Mótakostnaður		(140.562.704)	(138.900.000)	(142.515.864)
Fræðslukostnaður		(35.045.215)	(44.600.000)	(45.558.908)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(193.415.013)	(194.500.000)	(179.668.959)
Húsnæðiskostnaður		(20.600.484)	(19.600.000)	(19.889.137)
Annar rekstrarkostnaður		(17.627.961)	(16.000.000)	(3.812.976)
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	12	(65.103.094)	(59.550.000)	(73.162.572)
Afskriftir fastafjármuna	6	(16.710.574)	(15.000.000)	(17.787.015)
		<u>(909.570.636)</u>	<u>(897.800.000)</u>	<u>(927.509.913)</u>
Rekstrarhagnaður		156.970.332	136.000.000	44.022.732
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs		29.258.105	40.000.000	52.850.000
Kostnaður vegna mannvirkjasjóðs		(29.258.105)	(40.000.000)	(52.850.000)
Fjármunatekjur	4	9.248.485	15.000.000	17.481.821
Fjármagnsgjöld	5	(3.351.182)	(1.000.000)	(3.969.014)
Gengismunur		(2.090.448)	0	(811.630)
Hagnaður fyrir styrki og framlög til aðildarfélaga		<u>160.777.187</u>	<u>150.000.000</u>	<u>56.723.909</u>
Styrkir og framlög til aðildarfélaga	13	(149.882.655)	(150.000.000)	(84.656.681)
Hagnaður / (tap) ársins		<u><u>10.894.532</u></u>	<u><u>0</u></u>	<u><u>(27.932.772)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir	6		
Varanlegir rekstrarfjármunir		280.565.194	292.046.434
		<u>280.565.194</u>	<u>292.046.434</u>
Veltufjármunir	7		
Viðskiptakröfur		135.386.996	152.838.833
Aðrar skammtímakröfur		11.302.064	18.680.557
Handbært fé		211.268.515	298.727.255
		<u>357.957.575</u>	<u>470.246.645</u>
Eignir		<u>638.522.769</u>	<u>762.293.079</u>
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		211.069.797	200.175.265
Eigið fé		<u>211.069.797</u>	<u>200.175.265</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Fyrirframinnheimtar tekjur	9	157.730.949	320.168.920
		<u>157.730.949</u>	<u>320.168.920</u>
Skammtímaskuldir			
Fyrirframinnheimtar tekjur	9	154.055.368	168.684.420
Viðskiptaskuldir	10	44.259.813	53.253.011
Aðrar skammtímaskuldir	10	71.406.842	20.011.463
		<u>269.722.023</u>	<u>241.948.894</u>
Skuldir		<u>427.452.972</u>	<u>562.117.814</u>
Eigið fé og skuldir		<u>638.522.769</u>	<u>762.293.079</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		156.970.332	44.022.732
Bakfærðir reiknaðir rekstarliðir		14.571.824	18.168.682
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>171.542.156</u>	<u>62.191.414</u>
Rekstartengdar eignir lækkun (hækkun)		14.830.330	(57.508.012)
Rekstartengdar skuldir hækkun		(124.664.842)	(102.099.770)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) án vaxta og skatta		<u>61.707.644</u>	<u>(97.416.368)</u>
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur		9.248.485	17.481.821
Greidd vaxtagjöld, gengism. og fjármagnstekjuskattur		(5.441.630)	(4.780.644)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>65.514.499</u>	<u>(84.715.191)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
(Keyptir) / seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(3.090.584)	(5.208.649)
		<u>(3.090.584)</u>	<u>(5.208.649)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Styrkir og framlög til aðildarfélaganna		(149.882.655)	(84.656.681)
		<u>(149.882.655)</u>	<u>(84.656.681)</u>
Lækkun handbærs fjár		(87.458.740)	(174.580.521)
Handbært fé í upphafi árs		298.727.255	473.307.776
Handbært fé í lok árs		<u>211.268.515</u>	<u>298.727.255</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. Sambandið og dótturfélög þess eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KSÍ fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Samstæða

Ársreikningur KSÍ samstæðunnar tekur til ársreikninga KSÍ, KSÍ ehf., KSÍ-íslensk knattspyrna ehf. og Laugardalsvallar en fyrrgreind félög eru að fullu í eigu KSÍ.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Hluti tekna KSÍ hafa verið greiddar fyrirfram og eru tekjurnar innleystar í rekstrarreikningi á því tímabili sem þær tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2014	2013	31.12.2014	31.12.2013
Evra (EUR)	154,86	162,38	154,27	158,50
Bandaríkjadalur (USD)	116,75	122,23	126,90	115,03
Svissneskur franki (CHF)	127,50	131,90	128,29	129,19

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, nema skrifstofur og fræðslusetur KSÍ en þar eru styrkir sem KSÍ fékk vegna byggingarinnar dregnir frá kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengismunar. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sambandið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og launatengd gjöld skrifstofu

	2014	2013
Laun	105.764.955	94.497.582
Launatengd gjöld	21.336.858	21.326.837
	<u>127.101.813</u>	<u>115.824.419</u>

Laun til formanns og framkvæmdastjóra sambandsins á árinu 2014 voru samtals 30,4 milljónir króna.

Stöðugildi að meðaltali

	15	14
--	----	----

4. Fjármunatekjur

	2014	2013
Vaxtatekjur	9.248.485	17.481.821
	<u>9.248.485</u>	<u>17.481.821</u>

Skýringar

5. Fjármagnsgjöld

	2014	2013
Fjármagnstekjuskattur af vöxtum	(1.822.125)	(2.389.667)
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(1.529.057)	(1.579.347)
	<u>(3.351.182)</u>	<u>(3.969.014)</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofur og fræðslusetur	Bifreiðar	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	260.802.700	22.797.811	142.137.690	425.738.201
Eignfært á árinu	0	6.564.618	658.416	7.223.034
Selt á árinu	0	(10.047.811)	0	(10.047.811)
Staða í árslok	<u>260.802.700</u>	<u>19.314.618</u>	<u>142.796.106</u>	<u>422.913.424</u>
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	16.247.245	15.595.310	101.849.211	133.691.766
Afskrift ársins	2.600.885	2.944.424	11.165.465	16.710.774
Selt á árinu	0	(8.054.311)	0	(8.054.311)
Staða í árslok	<u>18.848.130</u>	<u>10.485.423</u>	<u>113.014.676</u>	<u>142.348.229</u>
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	244.555.455	7.202.501	40.288.479	292.046.434
Bókfært verð í árslok	<u>241.954.570</u>	<u>8.829.195</u>	<u>29.781.430</u>	<u>280.565.194</u>
Afskriftarhlutföll	1%	20%	0-33%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Skrifstofur og fræðslusetur	198.600.000	472.700.000

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Innlendar viðskiptakröfur	59.825.017	48.159.913
Erlendar viðskiptakröfur	81.261.979	110.378.920
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(5.700.000)	(5.700.000)
	<u>135.386.996</u>	<u>152.838.833</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Fyrirframgreiddur kostnaður	5.654.046	7.576.588
Aðrar kröfur	5.648.018	11.103.969
	<u>11.302.064</u>	<u>18.680.557</u>

Skýringar

7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum

	31.12.2014	31.12.2013
Bankainnstæður í íslenskum krónum	211.160.030	298.513.947
Bankainnstæður í erlendri mynt	10.685	16.358
	<u>211.268.515</u>	<u>298.727.255</u>

8. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	Fjárhæð
Staða 1.1.2013	228.108.037
Tap ársins 2013	(27.932.772)
Staða 1.1.2014	200.175.265
Hagnaður ársins 2014	10.894.532
	<u>211.069.797</u>

9. Fyrirframinnheimtar tekjur

KSÍ gerði á árinu 2008 tvo samninga við Sportfive um samstarf aðila sem leiddi til þess að fyrirtækið hafði einkarétt á sölu sjónvarpsréttar og tiltekins markaðsréttar KSÍ út árið 2015. Í framhaldi af ákvörðun UEFA að taka yfir sölu sjónvarpsréttar og tiltekins markaðsréttar af öllum leikjum í undankeppni EM 2016 og undankeppni HM 2018 náði KSÍ samkomulagi við Sportfive vegna þessara breytinga. UEFA greiddi KSÍ á árinu 1,9 milljónir evra eða rúmar 302 milljónir króna vegna þessa á árinu sem tekjufærist með jöfnum hætti á árunum 2014-2018. Samtals nema tekjur vegna sölu sjónvarps- og markaðsréttar 9,5 milljónum evra sem tekjufærðar verða á 4 árum.

UEFA greiddi KSÍ á árinu 2012 fyrirfram 2 milljónir evra sem tekjufærðar eru með jöfnum hætti til ársins 2015.

Fyrirframinnheimtar tekjur sundurliðast með eftirfarandi hætti

	31.12.2014	31.12.2013
Fyrirframgreiðsla vegna sölu á sjónvarpsrétti	0	302.969.000
Fyrirframinnheimtar tekjur UEFA	311.786.317	185.884.340
Tekjur 2015/2014 vegna sjónvarpsréttar og UEFA framlaga	(154.055.368)	(168.684.420)
Fyrirframinnheimtar tekjur, langtímahluti í árslok	<u>157.730.949</u>	<u>320.168.920</u>

10. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Innlendar viðskiptaskuldir	41.625.730	48.438.841
Erlendar viðskiptaskuldir	2.634.083	4.814.170
	<u>44.259.813</u>	<u>53.253.011</u>

Skýringar

10. Aðrar peningalegir skuldir (framhald)

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Laun og launatengd gjöld	39.295.406	18.596.419
Aðrar skuldir	32.111.436	1.415.044
	<u>71.406.842</u>	<u>20.011.463</u>

11. Gjaldmiðlaáhætta

Sambandið býr við gjaldmiðlaáhattu vegna erlendra viðskiptakrafna, handbærs fjár í erlendum gjaldmiðlum og viðskiptaskulda í erlendum gjaldmiðlum.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhattu greinist þannig:

	31.12.2014	31.12.2013
Viðskiptakröfur	81.261.979	110.378.920
Bankainnstæður	10.685	16.358
Viðskiptaskuldir	(2.634.083)	(4.814.170)
	<u>78.638.581</u>	<u>105.581.108</u>

12. Laugardalsvöllur

Rekstrartekjur og -gjöld Laugardalsvallar eru sýnd sérstaklega og greind frá öðrum rekstrartekjum og -gjöldum samstæðunnar, að afskriftum undanskildum. Aðrir rekstrarliðir og efnahagsliðir eru færðir meðal sambærilegra liða í samstæðureikningnum. Viðskiptum innan samstæðu er eytt út við gerð samstæðureiknings. Rekstrarreikningur Laugardalsvallar sundurliðast á eftirfarandi hátt.

	Raun 2014	Áætlun 2014	Raun 2013
Framlög og styrkir	49.912.283	45.500.000	27.594.643
Tekjur af leikjum og mótum	15.300.000	14.300.000	13.771.291
Aðrar tekjur	1.911.679	0	2.000.000
Laun og tengd gjöld	(28.427.758)	(28.500.000)	(26.922.580)
Rekstur mannvirkja	(24.472.869)	(18.850.000)	(32.983.620)
Annar rekstrarkostnaður	(12.202.467)	(9.200.000)	(13.256.372)
Afskriftir	(2.076.622)	(3.000.000)	(2.138.750)
Fjármunatekjur	21.520	0	13.577
Fjármagnsgjöld	(27.711)	0	(64.513)
Tap ársins	<u>(61.945)</u>	<u>250.000</u>	<u>(31.986.324)</u>
Framlag KSÍ vegna taprekstrar 2007-2013	33.026.655	0	0
Hagnaður (tap) ársins	<u>32.964.710</u>	<u>250.000</u>	<u>(31.986.324)</u>

Eigið fé Laugardalsvallar er neikvætt í árslok um 33 m.kr. en var í ársbyrjun neikvætt um 66 m.kr.

13. Styrkir og framlög til aðildarfélaga

Á árinu 2014 ákvað stjórn KSÍ að úthluta 40,3 m.kr. til aðildarfélaga, annarra en þeirra sem léku í Pepsi-deild karla, vegna barna- og unglingastarfs, en félögin í Pepsi-deild karla fengu sambærilegan styrk frá UEFA að upphæð um 44 m.kr. Auk þessa greiddi KSÍ félögum í Pepsi-deild karla vegna útsendingar- og markaðsréttar 75 m.kr. og félögum í leyfiskerfinu 22,5 m.kr. KSÍ greiddi verðlaunafé og fleira að fjárhæð ríflega 12,1 m.kr.

14. Samningar KSÍ og Reykjavíkurborgar

Knattspyrnusamband Íslands, fyrir hönd Laugardalsvallar, gerði þann 13. ágúst 2014 samning við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar. Samningurinn tók gildi í ársbyrjun 2014 og gildir út árið 2025. Fyrri samningur fellur úr gildi frá og með sama tíma. Framlög Reykjavíkurborgar til rekstrar vallarins nema rúmlega 49,9 m.kr. frá 2014-2016, en rúmlega 44,2 m.kr. frá 2017 og út samningstímann. Greiðslur taka mið af vísitölu neysluverðs.

Auk þess skuldbundu Reykjavíkurborg og KSÍ sig til að leggja fram samtals kr. 66.053.310 vegna aukins rekstrarkostnaðar Laugardalsvallar á árunum 2007-2013, eða kr. 33.026.655 hvor aðili um sig. Framlag Reykjavíkurborgar tekjufærist með þremur jöfnum greiðslum á árunum 2015, 2016 og 2017.

15. Samstarfssamningur við ÍTF

Knattspyrnusamband Íslands og Íslenskur toppfótbolti (samtök félaga í efstu deild) undirrituðu yfirlýsingu um samstarf á árinu 2013. Í yfirlýsingunni felst m.a. að KSÍ skuldbindur sig til að félögin í efstu deild (auk félaga sem taka þátt í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ) fái 120 m.kr. fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi af deildarkeppni og bikarkeppni 2014 og 2015 óháð markaðsvirði þeirra réttinda. Þegar KSÍ gerðist aðili að sameiginlegri sölu réttinda á vegum UEFA frá undankeppni EM 2016 og HM 2018, eins og öll aðildarsambönd UEFA, var gert samkomulag við Sportfive um þá breytingu. KSÍ tók í kjölfarið við skuldbindingum Sportfive vegna efstu deildar og bikarkeppninnar næstu tvö keppnistímabil en er um leið fullur þátttakandi í sameiginlegri sölu sjónvarps- og markaðsréttinda á vegum UEFA.

16. Önnur mál

Á árinu féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli KSÍ ehf. gegn Landsbankanum hf., en þeim dómi hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar af Landsbankanum. Málið snerist um meint ólöglegt lán tengt gengi erlendra gjaldmiðla sem upphaflega var tekið á árinu 2006. Dómsniðurstaða liggur væntanlega fyrir á árinu 2015.

Á árinu hófst vinna við endurnýjun á flóðljósum á Laugardalsvelli til að mæta kröfum Knattspyrnusambands Evrópu um bætta lýsingu. Í árslok er áfallinn kostnaður vegna þess 77,6 m.kr. en hann var að öllu leyti greiddur ef UEFA. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum á árinu 2015.

17. Samþykki ársreiknings


Ársreikningurinn var samþykktur á fundi með stjórnendum, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum þann 6. febrúar 2015.

Sundurliðanir

	Raun 2014	Áætlun 2014	Raun 2013
Styrkir og framlög			
ÍSí	30.805.819	27.500.000	32.102.373
Íslenskar getraunir	5.998.089	6.000.000	5.774.455
UEFA-styrkur	375.999.067	381.000.000	408.106.893
FIFA-styrkur	75.785.575	50.000.000	53.367.100
Ýmsir styrkir	48.847.170	60.000.000	41.150.000
	<u>537.435.720</u>	<u>524.500.000</u>	<u>540.500.821</u>
Tekjur af landsleikjum			
Aðgöngumiðasala	40.686.308	40.000.000	53.736.280
	<u>40.686.308</u>	<u>40.000.000</u>	<u>53.736.280</u>
Sjónvarpsréttur			
Sjónvarpsréttur	392.563.275	380.000.000	304.735.026
	<u>392.563.275</u>	<u>380.000.000</u>	<u>304.735.026</u>
Kostnaður við landslið			
A-landslið	244.862.066	252.150.000	272.433.334
Yngri landslið	142.696.006	131.200.000	140.567.874
Sameiginlegur landsliðskostnaður	32.947.519	26.300.000	32.113.274
	<u>420.505.591</u>	<u>409.650.000</u>	<u>445.114.482</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			
Laun	105.764.955	107.300.000	94.497.582
Launatengd gjöld	21.336.858	23.100.000	21.326.837
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	66.313.200	64.100.000	63.844.540
	<u>193.415.013</u>	<u>194.500.000</u>	<u>179.668.959</u>



NO TO RACISM



RESPECT

UEFA.org